



## **Hvað er í matinn?**

Rannsókn á umfjöllun fjölmiðla um mataraðstoð á árunum  
2006-2010

Sigríður Tinna Árnadóttir

**Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

## **Hvað er í matinn?**

***Rannsókn á umfjöllun fjölmiðla um mataraðstoð á árunum 2006-2010***

Sigríður Tinna Árnadóttir  
240587-3009

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf  
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnadóttir  
Leiðbeinandi: Vilborg Oddsdóttir

Félagsráðgjafardeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sigríður Tinna Árnadóttir 2011

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Eftirfarandi ritgerð er rannsókn sem unnin var á tímabilinu janúar til maí 2011. Ritgerðin er 12 eininga lokaverkefni við Háskóla Íslands í félagsráðgjöf. Í henni voru greindar 353 greinar úr gagnasafni Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV frá árunum 2006-2010. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á umræður prentmiðlanna þriggja um mataraðstoð hér á landi. Lagt var upp með að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hefur umfjöllun hér á landi um mataraðstoð breyst eftir að hrunið skall á? Hvernig fjalla fjölmiðlar um matarúthlutunar? Er munur á umfjöllun fjölmiðlanna þriggja? Áhersla var lögð á að skoða upplifun og líðan þeirra skjólstæðinga sem sækja sér mataraðstoð til hjálparstofnanna. Rannsóknaraðferðin var eigindleg og með innihaldsgreiningu voru umfjallanir prentmiðlanna þriggja greindar.

Gerð verður grein fyrir helstu hugtökum og skilgreiningum svo sem um fátækt, frjáls félagasamtök, þriðja geirann og sjálfbærniastörf. Helstu niðurstöður gefa það til kynna að mikil aukning verður á umfjöllunum eftir efnahagshrunið í september 2008. Fremur lítið var fjallað um þennan svarta blett á Íslensku samfélagi í góðærinu þrátt fyrir að margir hafi lifað við bág kjör og þurft að leita sér aðstoðar til hjálparstofta fyrir hrunið. Auk þess er nokkur munur á umfjöllun fjölmiðlanna þriggja en DV birtir mun oftar en Fréttablaðið og Morgunblaðið viðtöl við skjólstæðinga Hjálparstofnanna sem gefur manni góða mynd af líðan þeirra og skoðunum.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
1. Inngangur.....	5
2. Fátækt.....	6
2.1 Almenn um fátækt og þróun laga um fátækraaðstoð .....	6
2.2 Skilgreining á fátækt, algild og afstæð fátækt .....	8
2.3 Orsakir fátæktar.....	10
2.4 Hópar sem eru líklegir til að búa við fátækt .....	10
3. Frjáls félagasamtök, sjálfboðaliðastörf og þriðji geirinn .....	12
3.1 Frjáls félagasamtök.....	12
3.2 Sjálfboðaliðasörf .....	14
3.3 Þriðji geirinn.....	15
3.4 Hlutverk félagasamtaka þegar félagsleg þjónusta dugur skammt .....	16
4. Matarúthlutanir .....	17
4.1 Hópar sem þiggja mataraðstoð frá hjálparstofnunum.....	18
4.2 Þróun í matarúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar .....	20
4.3 Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni .....	21
4.4 Matarúthlutanir erlendis .....	23
5. Félagsráðgjöf og mataraðstoð .....	25
6. Framkvæmd rannsóknar.....	28
6.1 Markmið og rannsóknarspurningar.....	28
6.2 Fræðilegar undirstöður.....	29
6.3 Gagnasöfnun.....	30
6.4 Greining .....	32
6.5 Takmarkanir rannsóknar.....	32
6.6 Samantekt.....	32
7. Niðurstöður: Greining á greinum Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV 2006-2010 .....	33
7.1 Tíðni greina eftir prentmiðli.....	33
7.2 Umfjöllun prentmiðla eftir árum og mánuðum.....	33
7.3 Skyggst inn í heim matarúthlutana.....	37
7.4 Hverjir eru viðmælendur? .....	38

7.5 Eðli umfjöllunar.....	40
7.6 Samkeppni hjálparstofnana .....	42
7.7 Hjálparstofnanir og prentmiðlarnir þrír.....	44
7.8 Fjölskylduhjálp og mismunun .....	45
7.9 Hinar ýmsu birtingamyndir mataraðstoðar .....	47
Samantekt.....	49
Umræða og lokaorð.....	50
Heimildir .....	53
Viðauki .....	59
Eyðublöð notuð til að flokka þær greinar sem fundust í gagnasafni Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV.....	59

## Töfluskra

<b>Tafla 1.</b> Líðan og skoðanir skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar á fyrirkomulagi mataraðstoðar.....	bls. 22
<b>Tafla 2.</b> Skoðanir skjólstæðinga á mataraðstoð frá Hjálparstarfi kirkjunnar.....	bls.23
<b>Tafla 3.</b> Tíðni greina eftir dagblaði á árunum 2006-2010.....	bls. 33
<b>Tafla 4.</b> Umfjöllun eftir árum og mánuðum í Morgunblaðinu.....	bls. 35
<b>Tafla 5.</b> Umfjöllun eftir árum og mánuðum í Fréttablaðinu.....	bls. 36
<b>Tafla 6.</b> Umfjöllun eftir árum og mánuðum í DV.....	bls. 36
<b>Tafla 7.</b> Viðmælendur í greinum Morgunblaðsins á árunum 2006-2010.....	bls. 39
<b>Tafla 8.</b> Viðmælendur í greinum Fréttablaðsins á árunum 2006-2010.....	bls. 39
<b>Tafla 9.</b> Viðmælendur í greinum DV frá september 2007-2010.....	bls. 40
<b>Tafla 10.</b> Eðli umfjöllunar í Morgunblaðinu 2006-2010.....	bls. 41
<b>Tafla 11.</b> Eðli umfjöllunar í Fréttablaðinu 2006-2010.....	bls. 42
<b>Tafla 12.</b> Eðli umfjöllunar í DV september 2007-2010.....	bls. 42
<b>Tafla 13.</b> Tíðni þess hversu oft hjálparstofnanir birtast í Morgunblaðinu.....	bls. 44
<b>Tafla 14.</b> Tíðni þess hversu oft hjálparstofnanir birtast í Fréttablaðinu.....	bls. 45
<b>Tafla 15.</b> Tíðni þess hversu oft hjálparstofnanir birtast í DV.....	bls.45

## 1. Inngangur

Íslenskt samfélag hefur á stuttum tíma tekið miklum breytingum en það stendur nú á erfiðum tímamótum. Fleiri og fleiri eru að missa vinnuna sökum samdráttar í efnahagslífinu eftir að bankahrunið skall á í lok september 2008 og verðlag í samfélaginu fer sífelld hækkandi. Það eru því margar fjölskyldur sem búa við skort og þurfa að leita sér aðstoðar hjá félagsþjónustu sveitafélaga og samtökum sem sinna hjálparstarfi svo sem Fjölskylduhjálpi Íslands, Hjálparstarfi kirkjunnar eða Mæðrastyrksnefnd.

Markmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á umræður Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV um mataraðstoð hér á landi. Lagt var upp með að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hefur umfjöllun hér á landi um mataraðstoð breyst eftir að hrunið skall á? Hvernig fjalla fjölmiðlar um matarúthlutanir? Er munur á umfjöllun fjölmiðlanna þriggja?

Ritgerðin byggist á greiningu 353 greina úr gagnasafni Morgunblaðsins, DV, Fréttablaðsins en greinar Fréttablaðsins var nálgast inn á Vísi.is. Hérefrir verður aðeins notað nafn Fréttablaðsins en ekki Vísis.is.

Árin 2006-2010 voru tekin fyrir en það er nánar tiltekið tvö ár fyrir bankahrún, árið sem hrunið skall á og tvö ár eftir hrún. Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð og við greiningu gagna var aðferð innihaldsgreiningar notuð í þeim tilgangi að skoða hvort umfjöllun um matarúthlutanir hafi breyst yfir þetta ákveðna tímabil.

Stuðst var við fræðilegar heimildir sem eru fengnar bæði úr íslenskum og enskum greinum, tímaritum, bókum og rannsóknum. Að auki eru greinar af vefsíðum ýmissa stofnanna ásamt umræðu prentmiðlanna þriggja sem birst hafa um mataraðstoð.

Ritgerðin skiptist í 7 kafla með þessum inngangi. Í köflum 2-5 er greint frá fræðilegum grunni viðfangsefnis. Í 2 kafla er almenn umræða um fátækt og þróun laga um fátækraaðstoð hér á landi sem og erlendis. Fjallað verður um afstæða og algilda fátækt ásamt því að athygli verður beint að því hvaða orsakabættir það eru sem hafa áhrif á fátækt. Í lok kaflans er til umfjöllunar þeir einstaklingar sem standa höllum fæti í samfélaginu. Í þriðja kafla er fjallað um frjáls félagasamtök, sjálfbóðaliðastörf og þriðja geirann ásamt því að greint verður frá því hvert



hlutverk félagasamtaka er þegar þjónustan dugir skammt. Kafli 4 fjallar um mataraðstoð, þá sem þiggja aðstoð frá hjálparstofnunum, þróun matarúthlutana hjá Hjálparstarfi kirkjunnar á tímabilinu 2006-2010 ásamt því greint verður frá rannsóknum bæði héraendis og erlendis. Í kafla 5 er saga félagsráðgjafar skoðuð ásamt því að greint verður frá mikilvægi starfs félagsráðgjafa hjá hjálparstofnunum. Í kafla 6 verður gerð grein fyrir framkvæmd þessarar rannsóknar og í síðasta kaflanum er að finna niðurstöður rannsóknarinnar. Ritgerðin endar svo á samantekt, umræðu og lokaorðum þar sem efnið verður dregið saman og hugleiðingar rannsakanda kynntar.

## **2. Fátækt**

Þessi kafli skiptist niður í fjóra hluta. Í fyrsta kafla er almenn umræða um fátækt og hvernig fátækraaðstoðin hefur þróast í gegnum tíðina. Annar kafli fjallar um skilgreiningar á fátækt og um algilda og afstæða fátækt. Í þriðja kafla er athygli beint að helstu orsakabáttum fátæktar og í þeim fjórða er fjallað um hvaða hópar eru líklegir til að búa við fátækt.

### **2.1 Almenn um fátækt og þróun laga um fátækraaðstoð**

Fyrir um það bil tvö hundruð árum voru nær allir íbúar jarðar fátækir nema keisarar, landeigendur, konungar og aðrir höfðingjar. Bylting í vísindum og tækni á 19. og 20. öldinni stuðlaði að ríkidæmi vesturlanda ásamt því að almenn menntun jókst og heilsan varð betri (Margrét Einarsdóttir og Pétur Waldorff, 2007).

Fyrirmynd margra Evrópuþjóða eru lög sem kennd eru við Elísabetu Englandsdrottningu en þau voru útfærð á tímabilinu 1597 til 1601 og síðar gengu þau undir nafninu gömlu fátækralögin. Í gömlu fátækralögum var í fyrsta skipti sett á fót samræmt skipulag fyrir alla þjóðina með skilgreindum réttindum og skyldum er snérust um réttindi fátækra (Stefán Ólafsson, 1999).

Útfærsla fátækraaðstoðarinnar var ekki eins á milli landa en vegna þess hversu mikil útgjöld voru af henni var yfirleitt um að ræða mikla togstreitu milli fjárhagsaðstoðar og þvinganna til sjálfsbjargar (Stefán Ólafsson, 1999).

Tomas Paine var áhrifamikill þátttakandi í þjóðfélagssumræðu um fátækraraðstoðina. Hann lagði til í bók sinni *Rights of man* að fátækralögin og fátækraskatturinn yrði lagður af og þess í stað tekið upp nýtt kerfi opinberrar aðstoðar. Hann vildi að fastri fjárhæð á mann yrði úthlutað til þurfandi einstaklinga. Auk þess vildi hann veita fjármunum til bygginga vinnubúða til að útvega vinnu og húsnæði fyrir þá sem lent höfðu í tímabundinni fátækt. Til að fjármagna þetta kerfi lagði Thomas til að setja á laggirnar stighækkandi skatt sem væri hærri á efnameiri einstaklinga í þjóðfélaginu. Tillaga Tomas Paine að opinberri aðstoð var hafnað af enska þinginu. Það var ekki fyrr en seinna sem að útfærsla forsjarkerfis var útfært með þessum hætti (Stefán Ólafsson, 1999).

Á árum áður var algengasta form fátækraaðstoðar samhjálp í formi ölmusu og góðgerðar til fólks sem bjó við neyð og aðal ábyrgð á framfærslu í höndum ættingja. Ef ættingjar voru ófærir um það, þá var það í höndum hreppsins að aðstoða ómagann en því var lýst kyrfilega í Grágás og sömu reglur birtust í Jónsbók árið 1280. Kirkjan spilaði ekki stórt hlutverk í að hjálpa hinum fátæku á árum áður en það er andstæða við þróun á fátækraaðstoð í öðrum skandinavískum löndum eins og í Mið Evrópu en þar spilaði kirkjan stórt hlutverk í að aðstoða fátæklinga (Ingibjörg Broddadóttir, Guðný Eydal, Steinunn Hrafnadóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Á Íslandi var snemma komið á samtryggingarskipan sem fól í sér ábyrgð hreppanna á framfærslu einstaklinga sem höfðu ekki ráð til að afla sér og sínum lífsviðurværis, þurfalingum og ómögum (Stefán Ólafsson, 1999; Anný Ingimarsdóttir og Guðný Eydal, 2000).

Fátækralöggjöfin var í raun fyrsta alvöru löggjöfin um umsjá og ábyrgð gagnvart hinum fátæku, heimilislausu og sjúku en þeim var komið á fót hér á landi árið 1834 (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Það þótti mikil niðurlæging að þiggja ölmusu af hrepp sínum og fólk gekk oft nærri heilsu sinni og þreki til þess að reyna að sjá fyrir sér og sínum frekar en að leita sér aðstoðar (Nanna K. Sigurðardóttir, 1991).

Á þingi voru harðar raddir um að þörf væri á strangari aðgerðum til að fæla einstaklinga frá því að leita framfærsluaðstoðar sem fólst meðal annars í sviptingu á fjárforræði. Ný og harðari lög voru svo samþykkt árið 1887 með heimild til að

svipta þurfaling fjárforræði. Umfang fátæktar var sérstaklega mikil hér á landi sem takmarkaði getu samfélagsins til að sinna málefnum á sómasamlegan máta. Reglur um skiptingu byrðarinnar milli sveitafélaga leiddu til hreppaflutninga en þeir leiddu oft til mikilla hörmunga fyrir þurfalinga og börn þeirra (Stefán Ólafsson, 1999) en þetta var einhver ómannúðlegasti þáttur fátækraframfærslunnar.

Fjölskyldumeðlimum var stíað í sundur, börnin tekin frá foreldrum sínum og makar skildir að. Árið 1905 tóku ný fátækralög gildi en þau milduðu nokkuð skerðingar á mannréttindum sem höfðu verið í fyrri lögum. Lögum um fátækraaðstoð var breytt 1927 en árið 1931 voru samþykkt lög sem fólust í því að ríkissjóður skyldi bera hluta fátækraþyrðanna. Þau voru við lýði þar til árið 1935 en þá voru framfærslulög sett en voru endurskoðuð árið 1947 en þau voru aðallega byggð á gömlu fátækralögum. Framfærslulög voru því að mestu óbreytt þar til árið 1991 en þá leit ný löggjöf um félagsþjónustu sveitafélaga dagsins ljós (Anný Ingimarsdóttir og Guðný Eydal, 2000). Sú hugsun sem skín í gegn og má í raun greina enn er sú að einstaklingar og fjölskyldur þurfi að sjá um sig sjálfar en félagsleg aðstoð sé aðeins neyðaraðstoð sem aðeins þeir allra fátækustu leita eftir. Er faglært fólk lét til sín taka komu þó önnur viðhorf til sögunnar (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

## **2.2 Skilgreining á fátækt, algild og afstæð fátækt**

Alþjóða heilbrigðismálastofnun skilgreinir fátækt eftir launum fólks. Sem dæmi má nefna að þeir sem hafa lægri laun en tvo dollara á dag falla undir fátæktarmörkin. Þeir einstaklingar sem hafa lág laun og eru fátækir búa oft á tíðum við verri heilsu en aðrir. Hinir fátæku eru berskjaldaðri fyrir líkamlegum og umhverfislegum þáttum sem hafa áhrif á heilsuna. Þeir þjást oft af næringarskortum, hafa minni aðgang að upplýsingum og eru með takmarkaðan aðgang að heilbrigðisþjónustu og því eru þeir í meiri hættu á heilsutapi (World Health Organization, e.d.).

Skilgreining á fátækt hefur verið víkkuð af alþjóðlegum þróunarstofnunum. Áður var aðeins litið á efnahagslegar aðstæður en nú eru fleiri þættir skoðaðir og viðurkennt að fátækt er flókið fyrirbæri og stjórnast af mörgum þáttum. Þessir þættir eru meðal annars efnisleg fátækt, heilsuleysi og menntunarleysi en fleiri þættir eru þó vissulega fyrir hendi. Skilgreining Alþjóðabankans er á þá leið að

fátækt er skortur á velferð, það að vera fátækur er að vera án skjóls, skorta föt og mat, vera veikur án þess að fá læknishjálp, hafa ekki tök á að breyta eigin lífsskilyrðum og fleira (Margrét Einarsdóttir og Pétur Waldorff, 2007).

Fátæktarmörk eru skilgreind sem helmingur af miðgildi fjölskyldutekna. Skyldutekjum er skipt niður á fjölskyldumeðlimi eftir því hvernig fjölskyldusamsetningin er og notast er við reiknisreglu frá OECD samtökunum. Reiknisreglan byggir á því að sambúðin feli í sér hagkvæmni sem nýtist fjölskyldumeðlimum til hagsbóta (Stefán Ólafsson, 1999).

Hugtakið fátækt má skilgreina sem afstætt eða algilt. Skilningurinn er sá að afstæð fátækt felur í sér að tekið sé mið af aðstæðum í samfélaginu en algild fátækt er mæld út frá föstum grunnstærðum (Stefán Ólafsson, 1999).

Áhrifaríkur frumkvöðull var breski fræðimaðurinn Seebohm Rowntree en hann bjó til algild fátæktarmörk árið 1899. Hann gerði lista yfir það sem hann taldi nauðsynlegt til að framfæra sér og þeir einstaklingar sem höfðu ekki tekjur sem nægðu fyrir nauðsynjum voru skilgreindir sem fátækir (Guðný Björk Eydal, 2004). Algild fátæktarmörk eru skilgreind sem lágmarkspörf einstaklinga til að mæta efnislegum þörfum án þess að tekið sé tillit til annarra sálfræði- og félagslegra þátta. Algild fátæktarmörk hafa fátæktarlínu sem er ætíð stöðug yfir tíma. Þau eru byggð á neyslu fyrirframgefina nauðsynja sem einstaklingur eða fjölskylda ætti að geta lifað á. Helsti kostur þessara mælinga er að þau eru tiltölulega auðvelt í skilningi. En helstu gallar eru að mælingarnar eru óveigjanlegar og þröngar og breytast ekki þó lífsgæðin séu sífellt að breytast (Iceland, 2006).

Afstæð fátækt er þegar litið er svo á að einstaklingurinn sé fátækur vegna ónógra efna og fái því ekki nægileg tækifæri til að taka þátt í athöfnum og atferli. Einnig hafi hann ekki kost á því að sækjast eftir líf skjörum eða gæðum sem eru ríkjandi í samfélaginu. Samkvæmt þessu þá verða þeir sem minna mega sín að neita sér um gæði sem flestir samfélagsþegnar taka sem sjálfsagðan hlut. Sem dæmi má nefna að það að vera fátækur á Íslandi merkir allt annað en að vera fátækur í Afríku (Þingskjal 1337, 1996-1997). Í vestrænum samfélögum er fátækt yfirleitt mæld út frá afstæðum fátæktarmörkum (Stefán Ólafsson, 1999). Oftar er þó haldið fram að það sé réttara að miða við algilda fátækt en þá er litið svo á að sá

sem er fátækur hafi ekki ráð til að afla sér nægilega mikils matar svo hann búi ekki við hungur eða vannæringu, eða búi án húsaskjólts (Þingskjal 1337, 1996-1997).

Fátækt er þó hægt að finna í ýmsum birtingamyndum í öllum samfélögum heimsins. Oft miðar fólk stöðu sína við aðra aðila í samfélaginu og því má finna fátækt að einhverju leyti í samfélögum sem eru vel stæð þar sem flestir telja að engin fátækt ríki (Margrét Einarsdóttir og Pétur Waldorff, 2007).

### **2.3 Orsakir fátæktar**

Þróun tekjuskiptingar á vesturlöndum eftir seinni heimsstyrjöld var fremur tíðindalítil. Jöfnuður á meðal íbúa jókst og umræða um tekjuskiptingu var ekki sérstaklega mikil. Eftir 1980 breyttist hægfara langtímaþróunin og ójöfnuður fór að aukast en það var einkum á milli 1980 og 1995. Þróunin mun vera tengd við aukna hnattvæðingu og stefnubreytingar í stjórnámálum og ójöfnuður jókst á hverju ári eftir 1995 (Stefán Ólafsson, 2006).

Það eru margir sem telja að aukning ójafnaðar á Íslandi á undanförunum árum tengist mikilli aukningu fjármagnstekna, einkavæðingar bankanna og þróunar hlutabréfamarkaðarins. Aukning ójafnaðar á Íslandi virðist hafa átt sér stað vegna þess að hátekjuhóparnir hækkuðu umfram meðalhópa og lágtekjufólk dróst aftur úr öðrum. Lægri tekjur jukust hægar en meðal- og hæstu tekjur en hæstu tekjur jukust hinsvegar hraðar en meðaltekjur og afleiðingin varð enn meiri ójöfnuður (Stefán Ólafsson, 2006).

### **2.4 Hópar sem eru líklegir til að búa við fátækt**

Vissir hópar í samfélaginu eiga í meiri hættu á því að búa við fátækt en aðrir þegnar samfélagsins. Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á hvaða einstaklingar þetta séu.

Líkur á því að lenda innan fátækramarkna eru mismunandi eftir búsetu einstaklinga og fjölskyldugerð. Til dæmis eru einstæðir foreldrar þrisvar sinnum líklegri til að lenda undir fátækramörkum. Hlutfall fátækta er 2,6 sinnum hærra hjá atvinnulausum einstæðum foreldrum en þegar foreldri er í vinnu. Annar áhættuþáttur er fjöldi barna á heimilinu en meiri líkur eru að lenda undir fátækramörkum eftir því sem börnum í fjölskyldunni fjölgar (OECD, 2008).

Margir þeirra sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standa enn verr í dag. Meðal þessara einstaklinga eru fatlaðir, aldrað fólk, langveikir og fólk án atvinnu. Sem dæmi má nefna að ráðstöfunarfé þeirra sem hafa hvað minnst á milli handanna eftir skatta er á bilinu 115.000-155.000 krónur á mánuði en hækkar nokkuð fái viðkomandi húsaleigubætur (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Rauði kross Íslands gerði meðal annars könnun vorið 2010. Meginmarkmið með könnuninni var að skoða hverjir það voru sem stóðu höllum fæti á Íslandi. Samkvæmt könnuninni árið 2010 eru fimm hópar sem standa verst í samfélaginu en það eru atvinnulausir, einstæðir foreldrar og barnafjölskyldur, öryrkjar og börn, innflytjendur og ungt fólk sem skortir tækifæri (Rauði kross Íslands, 2010).

Undir lok 2008 jókst atvinnuleysi gífurlega og þeir sem héldu vinnu sinni lækkuðu í launum. Vegna þessa eru margir í erfiðri stöðu og eiga í erfiðleikum með að greiða skuldir sínar (Rauði kross Íslands, 2010).

Atvinnuleysi í janúar 2011 var 8,5% eða um 13.458 manns. Það hafði aukist um 0,5 prósentustig frá því mánuðinum á undan. Þar af eru 2.342 erlendir ríkisborgarar (Vinnumálastofnun, 2011).

Greining á hópi atvinnulausra gefur til kynna að þeir sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi eða minna eru þeir sem standa hvað verst á vinnumarkaði. Um þriðjungur þessa hóps er á vinnumarkaði en yfir 50% þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá. Því er atvinnuleysið mest á meðal þeirra sem hafa minnstu menntunina og það er viðvarandi mynstur hvort sem þensla eða samdráttur á sér stað í efnahagslífinu. Auk þess er atvinnuleysi mikið á meðal iðnaðarmanna vegna kreppunnar sem leiddi til hins snarpa samdráttar í byggingariðnaði. Töluvert atvinnuleysi er einnig meðal þeirra sem hafa stúdentspróf en það hefur sýnt sig að þegar fer að kreppa að þá er þessi hópur einna fyrstur til að verða fyrir barðinu á atvinnuleysi. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að veruleg hætta er á gríðarlegri fjölgun örorkulífeyrisþega í kjölfar mikils atvinnuleysis (Velferðarráðuneytið, 2009).

Að mati margra viðmælenda Rauða kross Íslands þá á ungt atvinnulaust fólk einstaklega erfitt í dag. Óttast er að heil kynslóð ungs fólks tynist í fátækt og festist í langtímaatvinnuleysi (Rauði kross Íslands, 2010).

Rannsóknir hafa verið gerðar í Finnlandi á ótímabærri útgöngu fólks af vinnumarkaði yfir á örorkubætur, aðallega meðal þeirra sem hafa verið atvinnulausir í langan tíma. Fólk þjáist oft að andlegum kvillum sökum atvinnuleysis og er þunglyndi stærsta og alvarlegasta afleiðingin ásamt heilsubrest. Hagræðingaraðgerðir sem taka sérstakt tillit til þeirra sem standa höllum fæti með viðeigandi forgangsröðun og öflugt velferðarkerfi eru forsendur þess að þjóðin komist heil út úr efnahagskreppunni. Áhugavert er fyrir okkur Íslendinga að skoða þær aðstæður sem hafa skapast í Finnlandi vegna þess að Finnar voru í svipuðum efnahagslegum þrengingum árið 1990 líkt og Íslendingar eru nú að ganga í gegnum (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

### **3. Frjáls félagasamtök, sjálfboðaliðastörf og þriðji geirinn**

Í kafla þrjú verður fjallað um frjáls félagasamtök, sjálfboðaliðastöf og hvað rannsóknir um starf sjálfboðaliða hafa leitt í ljós ásamt því að fjallað verður um þriðja geirann. Í lok kaflans verður fjallað um hlutverk félagasamtaka er þjónustan dugir skammt.

#### **3.1 Frjáls félagasamtök**

Það eru ýmsar skilgreiningar um starfsemi frjálsra félagasamtaka. Frjáls félagasamtök tilheyra þriðja geira samfélagsins, hinir tveir geirarnir eru einkageirinn og opinberi geirinn. Algengt er að skipta frjálsum félagasamtökum í tvo hópa en það eru hagsmunasamtök og almannaheillasamtök. Hagsmunasamtök hafa visst hlutverk en það er að vinna að og efla hag félaga. Með félögum er átt við stéttafélög, fagfélög, húsfélög og félagastarfsemi vinnuveitenda og atvinnuvega. Tilgangur þessara félaga er meðal annars að gæta fjárhagslegra hagsmuna meðal annars með því að vinna að bættum kjörum félagsmanna eða fjárhagsumhverfi fyrirtækja. Hlutverk almannaheillasamtaka er að vinna að bættum hag ótiltekins fjölda manna. Í þessum flokki eru til að mynda mannúðarsamtök, líknarfélög, menntastofnanir, trúfélög og menningarfélög. Það getur reyndar verið flókið að flokka hagsmunasamtök og almannaheillasamtök í tvennt. Hlutverk félaganna

getur verið margbætt og hægt að flokka þau undir hvort tveggja (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008).

Fjöldi frjálsra félagasamtaka er mikill og þau eru útbreidd alls staðar í heiminum. Þau skipta miklu máli í sambandi við þjónustu við íbúa samfélaga en einnig berjast þau fyrir málstað ýmissa minnihlutahópa. Í upphafi hafði almenningur ekki aðgang að þessum félögum heldur aðeins efri stéttar menn og embættismenn. Frjáls félagasamtök áttu frumkvæði að því að byggja upp heilbrigðis- og félagsþjónustu en hafa einnig barist fyrir hinum ýmsu umhverfis-, velferðar- og mannúðarmálum (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008).

Frjáls félagasamtök eru síður undir áhrifum efnahagslegra hagsmuna en opinberir aðilar. Aðstoðin er því mun líklegri til að miðast út frá þörfum þiggjenda en hagsmunum í landi þeirra sem veita aðstoðina. Frjáls félagasamtök geta oft náð með beinni hætti til þeirra sem minna mega sín en opinberum aðilum er mögulegt (Jón Ormur Halldórsson, 1992).

Fjöldi frjálsra félagasamtaka hefur aukist á undanförunum árum (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006) og Salamon telur að það séu nokkrar ástæður fyrir þeirri gríðarlegu fjölgun. Hann telur að svarið liggja í fjórum kreppum og tveimur byltingum sem hafa dregið úr hlutverki ríkisins og opnað dyr fyrir þá miklu aukningu sem orðið hefur í skipulögðu sjálfbóðaliðastarfi (Salamon, 2001).

Frjáls félagasamtök eiga sér nokkur sameiginleg einkenni. Í fyrsta lagi eru öll frjáls félagasamtök frjáls samtök áhugamanna. Stjórnendur, meðlimir og starfsmenn eru yfirleitt hugsjónarfólk og hafa annað viðhorf til starfsins en hinar hefðbundnu opinberu stofnanir og fjölþjóðastofnanir Sameinuðu þjóðanna. Einstaklingar á vegum þessara samtaka eru yfirleitt reiðubúnir til þess að vinna fyrir lágum launum eða engum og oft við erfið skilyrði. Það getur myndast stjórnunarvandi en þessi vandi er yfirleitt yfirstíganlegur og í heildina litið skiptir hann minna máli en hugsjónarstarfið sjálft. Sameiginlegt einkenni margra frjálsra félagasamtaka er sérstakur áhugi á vandamálum þeirra sem minna mega sín í samfélaginu (Jón Ormur Halldórsson, 1992).

Frjáls félagasamtök eiga það sameiginlegt að vera ekki rekin í gróðaskyni, þau eru sjálfstæð, byggja að frjálsri félagsaðild og tengjast að einhverju leyti sjálfbóðaliðastarfi. Fjöldi frjálsra félagasamtaka jókst á sjötta áratugnum þá



sérstaklega meðal þeirra sem börðust fyrir hagsmunum minnihlutahópa (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008).

### 3.2 Sjálfbóðaliðastörf

Sjálfbóðastörf geta verið mismunandi og skilgreining þeirra fer eftir því hvaða hvatning liggur að baki þeirra og hver vinnur þau. Ýmsar skilgreiningar eru því til um sjálfbóðavinnu (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Sjálfbóðaliðastarf er skilgreint sem einstaklingsbundið ólaunað framlag sem hefur ákveðið formlegt skipulag og ekki er tekið inn í það framlag til nánustu fjölskyldu. Vinna sjálfbóðaliða er oft hluti af starfi frjálsra félagasamtaka.

Sjálfbóðaliðar eru skilgreindir þannig að einstaklingur leggur fram vinnu sína af frjálsum vilja í þágu samborgara sinna eða samfélagsins án þess að fá laun greidd (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Sjálfbóðastarf í þágu félagslegrar velferðar hófst hér á landi seint á 19. öld en í upphafi var aðallega um mannúðar- og líknarstarf að ræða ásamt réttindabaráttu. Umræða um sjálfbóðastörf og áhrif sem þau hafa í þjóðfélaginu hefur aukist til muna á undanförunum árum. Búast má við að þessi partur í samfélagsþjónustu muni aukast á næstu árum vegna aukins fjölda þeirra sem þarfnast félagslegrar aðstoðar. Margir líta svo á að hægt sé að viðhalda þeirri félagslegu þjónustu sem nú er fyrir hendi án þess að auka fjárframlög til hennar með því að hvetja fólk til sjálfbóðinna starfa (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Rannsóknir hafa gefið til kynna að einstaklingar sem vinna sjálfbóðaliðastarf mælast með betri heilsu, bæði líkamlega og andlega en aðrir sem ekki starfa á þessum vettvangi. Einnig eru sjálfbóðaliðar líklegri til að vera hamingjusamir og minni líkur eru á því að þeir þjáist af þunglyndi (Borgonovi, 2008).

Sjálfbóðaliðastörf og frjáls félagasamtök hafa ætíð verið mjög mikilvæg fyrir félagslega velferð á Íslandi og mikilvægur hluti velferðarþjónustu hérlendis (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008).

### 3.3 Þriðji geirinn

Það má skilgreina þriðja geirann þannig að það svið er aðgreint frá þeirri starfsemi sem lýtur beint eða óbeint forræði og stjórn fyrirtækja og stjórnvalda. Starfsemi þriðja geirans er afar fjölbreytt og samtök innan geirans teygja sig inn á öll svið mannlífsins (Eva Þengilsdóttir, 2008).

Hugtakið þriðji geirinn er oft notaður með svipaðri merkingu og starfsemi sem er rekin án þess að hafa hagnað sem markmið. Þó er það svolítið takmarkaðra en hugtakið án hagnaðar þar sem það útilokar samvinnufélög og einkarekstur. Það er lögð áhersla á að starfsemi sem fellur undir þriðja geirann hafi viss félagsleg markmið og fjármögnunin getur verið frá einkaaðilum, ríki og sveitafélögum. Ríkið er fyrsti geirinn, viðskiptalífið er annar geirinn og frjáls félagasamtök eru þriðji geirinn. Hugtakið sjálfboðageirinn er oft notað í Bretlandi en það er yfirhugtak allra frjálsra félagasamtaka og nær einnig til starfsemi þeirra og sjálfboðaliða (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006).

Samtökin eru í einfaldri mynd hópur fólks sem kemur saman í tilteknum tilgangi og eru af öllum stærðum. Það getur verið mismunandi hvort samtökin vinni með stjórnvöldum en sumir telja slíkt samstarf eða fjárhagsstuðningur gangi gegn hagsmunum félagsins. Þó oft sé rætt um að þriðji geirinn sé algjörlega aðgreindur frá hinu opinbera og einkageiranum þá eru mörkin fremur óljós. Innan þriðja geirans er margt sem getur haft áhrif á starfsemi samtakanna og breytingar á sviði stjórn mála eru meðal helstu tækifæra og ógnana í geiranum (Eva Þengilsdóttir, 2008).

Samtök þriðja geirans á Íslandi sem veita mataraðstoð eru Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd.

Fjölskylduhjálpar Íslands var stofnuð árið 2003 en í upphafi var starfsemin stofnuð til að útdeila klæðnaði til fólks en fljótlega fóru að berast til þeirra matvæli og eru allir starfsmenn Fjölskylduhjálpar sjálfboðaliðar. Fjöldi fólks og fjölskyldna eru á skrá sem þurfa þó mismikla aðstoð. Til þeirra leita meðal annars atvinnulausir, öryrkjar, einstæðir foreldrar og eldri borgarar (Fjölskylduhjálpar Íslands, e.d.).

Hjálparstarf kirkjunnar veitir bágstöddum um land allt aðstoð og tekið er á móti fólki sem sækir um félagslega eða fjárhagslega aðstoð. Þar starfa tveir

félagsráðgjafar hjá stofnuninni en annar þeirra veitir innanlandsdeild Hjálparstarfs kirkjunnar forstöðu að auki starfa sjálfbóðaliðar sem leggja starfinu lið við matarúthlutanir. Skjólstæðingum er meðal annars veitt ráðgjöf og er boðin mataraðstoð (Hjálparstarf kirkjunnar, e.d.-a).

Saga Mæðrastyrksnefndar er saga um baráttu fyrir mannúðlegri og réttlátri félagsmálalöggjöf. En starf hennar hefur haft mikil áhrif bæði á almenningssálitið jafnt sem löggjöf og framkvæmd laganna. Aðstoðin miðast ekki lengur aðeins við einstæðar mæður því karlar hafa nú bæst við. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur úthlutar mat til hinna sem minna mega sín alla miðvikudaga. Við úthlutun starfa um 20 sjálfbóðaliðar sem hafa starfað launalaust í fjöldamörg ár (Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, e.d.).

### **3.4 Hlutverk félagasamtaka þegar félagsleg þjónusta dugar skammt**

Það má leiða líkum að því að aðeins þeir sem búa við kröpp kjör leiti til sveitafélaga um fjárhagsaðstoð. Það er þó misjafnt milli sveitafélaga hver lágmarksfjárhæð fjárhagsaðstoðar er (Forsætisráðuneytið, e.d.)

Samkvæmt 1.gr laga um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991 skal markmið félagsþjónustu vera að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Skal það meðal annars gert með það að markmiði að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Veita aðstoð til að stuðla að því að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, lifað sem eðlilegasta lífi og stundað atvinnu. Og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Sveitafélög hafa farið ólíkar leiðir og margt bendir til þess að fólk sem á í fjárhagsvandræðum fái ólíka aðstoð eftir því í hvaða sveitafélagi þau búa (Anný Ingimarsdóttir og Guðný Björk Eydal, 2000) en misjafnt er hver lágmarksfjárhæð fjárhagsaðstoðar er og hver lágmarksviðmið eru sem miðað er við að einstaklingur þurfi til að framfæra sér (Þingskjal 613, 2006-2007).

Fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitafélaga er síðasti hlekkurinn í öryggisneti velferðakerfisins hér á landi sem nýtist ef fólk lendir í erfiðleikum og getur ekki tryggt sér framfærslu. Félagsmálaráðuneytið sem nú heitir velferðarráðuneytið gerir ráð fyrir að fjárhagsaðstoðin dugi til framfærslu en á

undanförnum misserum hafa ýmsir vakið athygli á þeim bágu kjörum sem öryrkjar og eldri borgarar lifa við svo sem hagsmunasamtök fyrrgreindra hópa. Ljóst er af fréttum fjölmiðla að öryrkjar leita í auknum mæli til hjálparstofnanna hér á landi til þess að komast af. Þá er ljóst að félagsmálaráðuneytið hefur lögsögu í málefnum félagsþjónustu á Íslandi en það vantar heildstæða stefnumótun sem tryggir öllum sömu lágmarks framfærslu sama hvar þeir búa (Harpa Njáls, 2003).

Purfandi einstaklingar leita til formlegra opinberra stofnana velferðaríkisins og ef þeir fá takmarkaða aðstoð frá þeim þá er ein leið í boði og það er að leita eftir aðstoð til hjálparsamtaka. Þessi hjálparsamtök eru meðal annars Rauði kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd. Allt eru þetta sjálfstæðar stofnanir (Harpa Njáls, 2003) ásamt Fjölskylduhjálpi Íslands.

#### **4. Matarúthlutanir**

Í eftirfarandi köflum verður fjallað um matarúthlutanir, þá hópa sem þiggja mataraðstoð frá hjálparstofnunum, skoðuð þróun matarúthlutana sem Hjálparstarf kirkjunnar hefur veitt á árunum 2006-2010, líðan skjólstæðinga sem sækja sér aðstoð og fjallað um rannsóknir á matarúthlutunum erlendis. Auk þess verður greint frá mikilvægi félagsráðgjafa við mataraðstoð.

Samkvæmt skilgreiningu *World Food Summit* er mataröryggi fyrir hendi þegar einstaklingar hafa efnahagslegt aðgengi að fullnægjandi næringaríkum mat sem stuðlar að virkni og heilbrigðu lífi. Þessi skilgreining er þó takmörkuð vegna þess að þau vanrækja allar umsagnir um mikilvægi þeirrar spurningar hver sér um matar framboðið og dreifingu þess (Riches, 2002).

Fólk hefur aðgang að mat frá hjálparstofnunum á mismunandi vegu. Annað hvort beint frá hjálparstofnunum eða frá matarbúrum, birgðarstöðvum eða kirkjum. Fólk stendur í röðum og fær afhent að meðaltali þriggja til fjögurra daga birgðir af matvörum í hverjum mánuði. Einnig eru máltíðir veittar af ýmsum stofnunum eins og súpueldhúsum, athvörfum og í samfélagslegum eldhúsum svo eitthvað sé nefnt (Riches, 2002).

#### 4.1 Hópar sem þiggja mataraðstoð frá hjálparstofnunum

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun fyrir Velferðarráðuneytið meðal þeirra sem þiggja mataraðstoð og var skoðað hvaða hópar það eru sem leita aðstoðar hjálparsamtaka á Íslandi. Sá hópur sem tók þátt í könnuninni voru þeir sem leituðu til Fjölskylduhjálpar, Mæðrastyrksnefndar og Hjálparstarfs kirkjunnar. Mæðrastyrksnefnd gaf ekki leyfi til að leggja spurningalista fyrir skjólstæðinga sína svo þar var talið hversu margir komu þennan dag og áætlað um aldur og kyn. Daginn sem könnunin fór fram má ætla að áðurnefnd hjálparsamtök hafi úthlutað matvælum til um 1.000 einstaklinga. Samtals voru um 1.018 einstaklingar sem leituðu eftir mataraðstoð þann 24. nóvember 2010. Flestir sóttu úthlutun til Mæðrastyrksnefndar eða 55%. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Fjölskylduhjálpar voru 140 einstaklingar sem ætluðu aðeins að leita til einna hjálparsamtaka, 79 sem ætluðu hugsanlega að leita til fleiri en einna, 85 einstaklingar sem ætluðu að leita til fleiri en tveggja og 29 sem ætluðu að leita til allra þriggja (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010).

Sá aldurshópur sem leitar til hjálparsamtakanna er breiður. Flestir voru á aldursbilinu 30-49 ára. Menntun skjólstæðingar var á þann veg að um 47% einstaklinga sem leituðu til hjálparsamtaka höfðu ekki lokið námi eftir grunnskóla, 44% höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi og 9% höfðu háskólagráðu (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010).

Ríkisfang þeirra einstaklinga sem fengu aðstoð hjá Hjálparstarfi Kirkjunnar og Fjölskylduhjálpar voru 68% Íslendingar, 24% Pólverjar og 8% höfðu annað ríkisfang. Um helmingur svarenda könnunarinnar voru einhleypir eða um 47%, 36% voru giftir eða í sambúð og 17% einstaklinga voru fráskildir (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010)

Stærsti hópurinn sem leitaði eftir aðstoð voru einstæðir foreldrar eða 92 þar á eftir koma einstaklingar sem búa einir en þeir eru 74. Þeir sem leituðu eftir aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Fjölskylduhjálpar voru flestir atvinnulausir eða 44%, þá öryrkjar 38%. Tveir af hverjum fimm sem tóku þátt í könnuninni sögðust hafa undir 150 þúsund krónur í tekjur á mánuði fyrir skatt eða um 43% og þeir sem voru með 150-190 þúsund fyrir skatt voru 35% (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010).

Flestir sem sóttu um aðstoð töldu að meginástæða þess að þeir leituðu til hjálparsamtaka væri vegna atvinnuleysis, skuldavanda eða vegna heilsuleysis og veikinda. Séu þessar ástæður greindar eftir aldri þá kemur í ljós að elsti hópurinn nefndi frekar að ástæða þess að þau leituðu aðstoðar væri vegna atvinnuleysis. Þeir sem voru á aldrinum 29-39 ára nefndu frekar heilsuleysi og veikindi sem meginástæðu. Yngsti hópurinn eða þeir sem voru á aldrinum 20-29 ára nefndu að skuldavandi væri meginástæða þess að þau þyrftu aðstoð hjálparsamtaka (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010).

Í opnum spurningum gátu skjólstæðingar komið skoðunum sínum á framfæri en þar kom meðal annars fram að skjólstæðingum fyndist niðurlægjandi að standa í biðröð eftir mat (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010) en það kom einnig fram í könnun Hjálparstarfs kirkjunnar en þar nefndu skjólstæðingar að það þyrfti að koma á betra fyrirkomulagi en að standa í biðröðum (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009-2010). Margir Íslendingar og útlendingar voru þakklátir hjálpsamtökunum fyrir þeirra stuðning og aðstoð (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010) en könnun frá 2001 sýndi að þeir sem sóttu aðstoð til *Daily Bread Food Banks* voru mjög þakklátir fyrir þá þjónustu sem þeim var veitt og viðhorf starfsmanna til þeirra (Riches, 2002).

Könnun var gerð í Kanada, nánar tiltekið í Toronto og var skoðað hvaða einstaklingar það væru sem leituðu sér aðstoðar vegna skorts á mat hjá svokölluðum *Food Banks*. Sá fjöldi fólks sem sótti mat til hjálparstofnanna í Kanada voru 115.000 manns á mánuði árið 1995 en úthlutunum hefur fjölgað mjög og árið 2005 var sú tala komin upp í 175.000 manns (Lightman, Mitchell og Herd, 2008).

Í Kanada voru flestir einstaklingar á aldrinum 35-54 ára og var meðalaldurinn 42 ár (Lightman o.fl., 2008). Það er því ekki mikill munur á aldri flestra þeirra sem sækja um mataraðstoð á Íslandi og Kanada eða aðeins um 5 ár. Því virðist sem að einstaklingum á þessum aldri sé hættara við að lenda í fátækt en öðrum.

Í Kanada eru þeir sem höfðu ekki lokið grunnskóla 6.9%, þeir sem höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi 20,4% og 27,4% höfðu háskólagráðu. Þar voru að meðaltali 45% innflytjenda sem sóttu um mataraðstoð. Einhleypir einstaklingar

sem leituðu sér mataraðstoðar voru 46,8% og einstæðir foreldrar 23,9% (Lightman o.fl., 2008) sem eru mjög svipaðar tölur ef Ísland er skoðað til samanburðar.

#### **4.2 Þróun í matarúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar**

Á hverju ári gefur Hjálparstarf kirkjunnar út starfsskýrslu. Á starfsárinu 2006-2007 bárust 3.139 umsóknir um aðstoð sem Hjálparstarf kirkjunnar afgreiddi. Aðstoð þessi fólst að mestu leyti í matargjöfum. Þer að veita því athygli að um fjölda umsókna er að ræða en ekki fjölda umsækjenda. Umsækjendur voru 1.956 og komu þeir að meðaltali í 1,6 skipti. 600 einstaklingar voru að leita eftir aðstoð í fyrsta skipti. Hlutfall umsókna úr Reykjavík er 74% af heildarumsóknum. Orsakir þess að fólk leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar eru margþættar og er í flestum tilfellum samspil margra þátta. Það geta til að mynda verið lág laun eða bætur, há húsaleiga eða veikindi. Umsækjendurnir nefna sjálfir oftast að lág laun sé helsta ástæða þess að sótt er um aðstoð. Öryrkjar eru um 60% þeirra sem sækja um aðstoð (Hjálparstarf kirkjunnar, 2007).

Í starfsskýrslu Hjálparstarfs kirkjunnar á árunum 2007-2008 er greint frá því að afgreiddar voru 3.392 umsóknir um aðstoð. Umsækjendur voru 1.993 og kom hver að meðaltali í 1,7 skipti. 551 leitaði eftir aðstoð í fyrsta sinn. Borið saman við árið áður fjölgaði afgreiðslum um 8% eða 253 afgreiðslur. Á bak við hvern þann sem sækir aðstoð eru 2,4 einstaklingar, maki eða börn. Orsakir þess að einstaklingar leita aðstoðar eru sömu og hér fyrir ofan, þær eru margþættar og í flestum tilfellum samspil margra þátta. Öryrkjar eru í meirihluta þeirra sem leita sér aðstoðar eða í um 60% tilvika líkt og árið áður (Hjálparstarf kirkjunnar, 2008).

Starfsár Hjálparstarfs kirkjunnar 2008-2009 einkenndist af kollsteypu efnahagslífsins. Umsóknum um aðstoð fjölgaði gífurlega og nýjir hópar sóttu um aðstoð. Á árinu 2008 voru afgreiddar 3.574 umsóknir og úthlutanir 7.357. Meðalaldur þeirra sem sóttu um aðstoð lækkaði og mikil fjölgun var í hópi yngstu umsækjenda 18-22 ára. Mesta fjölgunin var þó meðal þeirra sem voru atvinnulausir. Vegna þess mikla atvinnuleysis sem kreppan hafði í för með sér þurftu ráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar að leiðbeina þeim atvinnulausu hvernig vinnumiðlarnir virkuðu og aðstoða þá að sækja um vinnu. Eftir hrúnið fann starfsfólk Hjálparstarfsins fyrir mikilli örvæntingu og reiði hjá þeim hópi sem leitaði

sér aðstoðar. Til þess að fá skýrari mynd af líðan umsækjenda var lögð könnun fyrir þá í apríl 2009. Könnunin bar nafnið Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni. Könnunin var raðkönnun og var hún aftur lögð fyrir í október 2009 og á vordögum 2010 (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009). Í kafla 4.3 verða birtar nokkrar niðurstöður úr þeirri könnun.

Á starfsárinu 2009-2010 voru afgreiddar 5.074 umsóknir í 11.753 úthlutunum. Sú fjölgun sem hófst á síðasta ári hélt áfram í ár. Í janúar 2010 leituðu yfir 1.000 fjölskyldur eftir aðstoð. Endurskoða þurfti vinnulag Hjálparstarfs kirkjunnar vegna þess mikla fjölda sem sótti um aðstoð og niðurstaðan varð sú að biðja alla sem leituðu til stofnunarinnar að skila inn gögnum um útgjöld og tekjur. Með þessari breytingu kom í ljós að sumir þeirra sem sóttu um aðstoð voru yfir framfærsluupphæð Ráðgjafarstofu sem miðað var útfrá. Fólk öðlaðist skilning á breyttum reglum og þegar frá leið varð fólk þakklátara fyrir þá aðstoð sem þeim var veitt. Samsetning hópsins breyttist mikið en áður voru öryrkjar í stærsta hóp þeirra sem leitaði eftir aðstoð en atvinnulausum fjölgaði aftur á móti mikið og eru nú um 27% umsækjenda (Hjálparstarf kirkjunnar, 2010).

Eins og komið hefur fram hér að ofan hefur fjölgunin verið gífurleg og hjálparstofnanir hafa þurft að leggja sig allar fram við að bregðast við þessari miklu fjölgun sem átti sér stað eftir að kreppan skall á.

### **4.3 Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni**

Könnunin Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni var lögð fyrir skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar 2009-2010. Kannanirnar voru fjórar, tvær hvort árið. Í töflu eitt hér fyrir neðan má sjá svör skjólstæðinga sem leituðu til Hjálparstarfs kirkjunnar um upplifun þeirra á að bíða í röð eftir mataraðstoð.

Þar eru skjólstæðingar í meirihluta sem finnst erfitt að koma og fá mataraðstoð eða um 58% í apríl 2009 en sú tala var komin upp í 68% í september 2010. Um helmingur svarenda hefur áður þurft að leita sér aðstoðar hjálparsamtaka í apríl 2009 og september 2010. Um 36% finnst það vera sjálfsagt að fá aðstoð því að kreppan sé ekki af þeirra völdum í apríl 2009 en í september 2010 er sú prósentu komin niður í 25%. Í apríl 2009 er 41% skjólstæðinga sem finnst það vera óþægilegt að þurfa að bíða innan um annað fólk eftir viðtali og sú



prósenta er svipuð yfir allt tímabilið. Þeir sem myndu vilja bóka viðtalstíma til að sleppa við að bíða innan um alla skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar eru um 25-30% (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009-2010).

**Tafla 1. Líðan og skoðanir skjólstæðinga Hjálpastarfs kirkjunnar á fyrirkomulagi mataraðstoðar**

	Apríl 2009		Október 2009		Apríl 2010		September 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
*Mér finnst erfitt að koma og þiggja aðstoð	44	58%	57	60%	64	60%	46	68%
*Mér finnst sjálfsagt að fá aðstoð, ég á ekki sök á kreppunni	27	36%	35	37%	37	35%	17	25%
*Mér finnst erfitt að bíða innan um annað fólk eftir viðtalinu	31	41%	37	39%	47	44%	29	43%
*Ég hef áður þurft að leita aðstoðar hjálparstaka	38	50%	44	46%	50	47%	34	50%
*Ég myndi vilja bóka ákveðinn viðtalstíma og koma þá	23	30%	21	22%	25	23%	17	25%
Alls	163	n=76	194	n=95	223	n=107	143	n=68

(Hjálparstarf kirkjunnar, 2009-2010).

Í töflu 2 hér að neðan má sjá skoðanir skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar á mataraðstoð. Þar kemur fram að meirihluta finnst aðstoðin sem þeim er veitt hafa nýst þeim vel eða 67% í apríl 2009 og 66% í september 2010. Þó eru aðrir sem eru ekki nógu sáttir með þann mat sem þeim er úthlutaður og finnst vanta ýmsar nauðsynjavörur eða 30% í apríl 2009 og 40% í september 2010 (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009-2010). Það kom einnig fram í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Velferðarráðuneytið að næringargildi matarins mætti vera meira og auka þyrfti úrval matavara (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010). Maturinn í pokunum er einnig að megninu til ekki matur sem skjólstæðingar myndu kjósa að versla sér sjálfir út í búð. En um 21% eru sammála þeirri staðhæfingu í apríl 2009 en um 31% í september 2010 sem er um 10% aukning. Þeir skjólstæðingar sem telja að þeir þyrftu að fá meiri aðstoð til að hún myndi skipta þá máli voru 20% í apríl 2009 en 24% í september 2010. Skjólstæðingar voru einnig spurðir hvort þeir gætu hugsað sér að nota gjafakort sem þeir fengju afhent og það voru flestir sem þótti ekkert athugavert við það en frá 1% upp í 6% gátu ekki hugsað sér það (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009-2010).

**Tafla 2. Skoðanir skjólstæðinga á mataraðstoð frá Hjálparstafi kirkjunnar**

	Apríl 2009		Október 2009		Apríl 2010		September 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
1.Mér finnst aðstoð sem ég hef fengið hjá hjálparstarfinu hafa nýst vel	51	67%	60	63%	61	57%	45	66%
2.Mér finnst vanta ýmsar nauðsynjavörur í pokana	23	30%	20	21%	30	28%	27	40%
3.Maturinn í pokanum er að megninu til ekki matur sem ég hef valið mér í búð	16	21%	15	16%	22	21%	21	31%
4.Ég þyrfti aðstoð oftár til þess að hún skipti einhverju máli	15	20%	21	22%	26	24%	16	24%
5.Ég get ekki hugsað mér að fara í búð með gjafakort frá hjálparstarfinu	1	1%	4	4%	6	6%	2	3%
Alls	106	n=76	120	n=95	145	n=107	111	n=68

(Hjálparstarf kirkjunnar, 2009-2010).

#### 4.4 Matarúthlutanir erlendis

Á undanförunum árum hafa hjálparstofnanir sem veita mataraðstoð fjölgað mikið á Vesturlöndunum. Þær hafa komið fram sem lykilsvar á því sístækkandi vandamáli sem fátækt er í sambandi við mat og ójöfnuð. Á meðan hið opinbera dregur saman þá eru hjálparstofnanir orðnar framlenging á veiku félagslegu öryggisneti.

Uppgangur hjálparstofnana sem sjá um matarúthlutanir er hægt að útskýra með beinum hætti bæði vegna veiks félagslegs öryggisnets og samdráttar í félagslegri aðstoð (Riches, 2002).

Fyrir suma hefur hnattvæðingin skapað mikil tækifæri til hagvaxtar og hagsældar. En fyrir aðra er raunveruleiki hnattvæðingarinnar og hins nýja hagkerfis aukning á fátækt og ójöfnuði í samfélaginu. Í stuttu máli hefur hnattvæðingin því skapað bæði þá sem græða og þá sem tapa (Lightman o.fl., 2008).

Þær hjálparstofnanir sem sjá um mataraðstoð í Kanada eru breytilegar eftir stærð, stefnum og starfsemi. Allt frá stórum hjálparstofnunum og dreifingarmiðstöðvum til lítilla stofnanna sem útteila mat til fólks sem býr við skort. Frjáls félagasamtök starfa meðal annars í þeim tilgangi að safna, geyma og dreifa mat án endurgjalds sjálfar eða til annarra hjálparstofnanna sem veita mataraðstoð. Hjálparstofnanir sem veita mataraðstoð eru yfirleitt skipulagðir af

samfélaginu eða af trúarsamtökum þrátt fyrir það geta þau einnig verið veitt af samvinnufélögum, verkalýðsfélögum og af menntastofnunum (Riches, 2005).

Vöxtur og aukning hjá hjálparstofnunum sem sjá um matarúthlutunir síðan um 1980 gefa til kynna að fátækt og ójöfnuður sé að aukast. Hjálparstofnanir sem dreifa matarpökkum geta grafið undan ábyrgð ríkisins. En í alþjóðlegum samningum er hlutverk ríkisins að virða, vernda og uppfylla almenn mannréttindi sem felast í því að einstaklingar hafi aðgang að mat. Hjálparstofnanirnar geta gert ríkistjórninni kleift að líta í hina áttina og vanrækja matarfátækt í samfélaginu. Í fyrstu var hjálparstofnunum í Kanada aðeins ætlað að veita mataraðstoð tímabundið vegna samdráttar árið 1980 en hafa nú fest sig í sessi sem mikilvæg aðstoð til þeirra sem minna mega sín (Riches, 2002).

Rannsókn var gerð í Kanada á þeim einstaklingum sem nýttu sér mataraðstoð. Hún var framkvæmd með þeim hætti að viðtöl voru tekin við 800 einstaklinga. Þar kom í ljós að fólk sem nýtir sér aðstoð hjálparstofnana eru í slæmri efnahagslegri stöðu og nota aðstoðina frá matarúthlutunarstofnunum sem mikilvægan viðbótar stuðning til þess að ná endum saman (Michalski, 2003).

Árið 2001 voru 632 hjálparstofnanir sem veittu mataraðstoð ásamt 2.123 tengdum stofnunum sem aðstoðuðu meira en 700.000 einstaklinga í Kanada samkvæmt *Canadian Association of Food Banks*. Það er þó ljóst að það eru ekki allir sem hafa lágar tekjur sem reiða sig á aðstoð frá hjálparstofnunum sem útdeila mat sem viðbótarstuðning (Michalski, 2003).

Það magn af mat sem var úthlutað er ein mæling á starf hjálparstofnana sem veita mataraðstoð og gefa okkur mynd af starfi og hugsanlegum áhrifum. Árið 1999 dreifði stærsta matarúthlutunarhjálpstofnunin í Bandaríkjunum 458 þúsund tonnum af mat í gegn um 50.000 stofnanir til 26 milljón manns. Á sama ári dreifði *European Federation of Food Banks* 116.000 tonnum af matvælum í gegn um 13.200 samtök til 2.2 milljón styrkþega. Í Bretlandi voru 3.195 tonnum af mat dreift af ýmsum stofnunum og þar á meðal ein hjálparstofnun sem dreifði 20-27 þúsund tonnum af mat (Riches, 2002). En eins og gefur að skilja er þetta gríðarlegt magn matarúthlutana.

Niðurstöður hafa sýnt að aðsókn eftir aðstoð hjálparstofnana er sífellt að aukast. Það eru margir þættir sem stuðla að því að einstaklingar hafa ekki efni á að

kaupa sér mat og leita til hjálparstofnana. Aðal ástæðurnar eru skortur eða of lágar tekjur, húsnæðið sem einstaklingar búa í er of dýrt og skuldir eru of miklar (McPherson, 2006).

## 5. Félagsráðgjöf og mataraðstoð

Í kring um aldamótin 1900 varð félagsráðgjöf til sem sérhæfð starfsgrein. Upphafið má rekja til umbótahreyfinga og kristilegra góðgerðarfélaga á þeim tíma í Evrópu. Áður var það fyrst og fremst hlutverk fjölskyldunnar að annast fjölskyldumeðlimi sína sem ekki gátu séð sér farboða á eigin spýtur. Umhyggja og aðstoð var því grundvölluð á ættarböndum og skyldleika. Í flestum löndum Vestur-Evrópu urðu miklar félagslegar breytingar í kjölfar iðnbyltingar á 18. öld. Þá komst víða á skipulögð góðgerðarstarfsemi sem tengdist pólitískum, siðferðislegum og efnahagslegum hugmyndum (Félagsráðgjafafélag Íslands, 2008).

Félagslegt velferðarkerfi á rætur sínar að rekja langt aftur. Árið 1536 voru lög sett á fót sem fólust í því að kirkjan safnaði pening og öðrum gjöfum á sunnudögum sem færi til hinna fátæku og veiku en þessi lög eru oft talin vera upphafið að fátækralögum. En fyrirmynd margra evrópuþjóða voru lög Elísabetar Englandsdrottningar sem voru sett á fót á tímabilinu 1598-1601. Iðnbyltingu 19. aldar fylgdu fátækrahverfi og erfiðleikar við það að koma undir sig fótunum sem leiddi til þess að margir þurftu á aðstoð að halda (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Á 19. öld í Englandi urðu til mikið af góðgerðarfélögum til viðbótar við þau sem fyrir voru. Góðgerðarsamtök með víðamikla starfsemi voru *Charity Organization Society* (COS). Markmið þessara góðgerðarfélaga var að aðstoða hina fátæku og draga úr fátækt. Þessi starfsemi fór yfirleitt fram á vegum kirkjunnar og hjálparstofnanna hennar. Megin áhersla var lögð á það að bæta hag hinna fátækustu en auk þess var megin markmið að veita hinum snauðu hjálp til sjálfshjálpar. Hjá hjálparstofnununum störfuðu bæði sjálfboðaliðar og launað starfsfólk. Mikil umræða varð svo í samfélaginu um að hjálparstarfið væri illa skipulagt og þá voru námskeið sett á laggirnar en svo kom í ljós að aukin þörf var fyrir menntað starfslið. Octavía Hill var á meðal þeirra fyrstu sem kom með þá hugmynd að mennta félagsráðgjafa en hún starfaði að málefnum fátækra frá árinu

1864. Henni fannst mikilvægt að miðla þekkingu sinni og varð einn af brautryðjendum við að kenna þær aðferðir sem hún notaði við að aðstoða hina snauðu (Félagsráðgjafafélag Íslands, 2008).

Starfsemi góðgerðarsamtaka var fyrst um sinn handahófskennd og ekki fór fram neitt skipulegt mat á þörfinni. Ýmsir fóru þó fljótlega að skera sig úr hvað snertir vinnuaðferðir og hugmyndir innan samtakanna. Einn af frumkvöðlum félagsráðgjafar í Bandaríkjunum var Mary E. Richmond. Hún gerði sér fljótlega grein fyrir því að það skipti miklu máli að mynda gott samband og traust við skjólstæðing sinn (Nanna K. Sigurðardóttir, 1991).

Í velferðarþjónustu nútímans er sérhæfðri þekkingu fyrst og fremst ætlað að tryggja skjólstæðingum viðeigandi og vandaða þjónustu. Íslenskir félagsráðgjafar standa vel að vígi sem faghópur. Árið 1975 fengu þeir lögverndun starfsheitis og voru þar fyrstir félagsráðgjafa á Norðurlöndunum og fremur snemma sé miðað við aðrar álíka hjálparstéttir (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Eitt af markmiðum félagsráðgjafar er að sporna við félagslegu ranglæti og vinna að lausn persónulegra og félagslegra vandamála. Félagsráðgjafa er skylt að rækta starf sitt án manngreiningarálits og skal virða réttindi hvorrar manneskju. Félagsráðgjafi leitast við að byggja upp gagnkvæmt traust við skjólstæðing sinn og koma fram við hann af virðingu og heiðarleika (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.-a).

Sem fræðigreinin byggir félagsráðgjöf á mörgum stöðum og í störfum félagsráðgjafa er því lögð mikil áhersla á heildarsýn. Ein af helstu forsendum félagsráðgjafar er mikilvægi sérhvernar manneskju og að hægt sé að bæta lífskjör hennar með því að leysa þau vandamál sem skapast vegna samskipta við aðra en þau geta verið persónuleg, fjölskylduleg eða samfélagsleg (Farley, o.fl., 2006). Við greiningu félagslegra vandamála skjólstæðinga sinna starfa félagsráðgjafar með heildarsýn að leiðarljósi og finna í samvinnu við þá hugsanlegar lausnir. Starf félagsráðgjafa er unnið á heildrænan hátt með velferð skjólstæðings að leiðarljósi (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Heildarsýnin byggist á því að skoða þurfi einstaklinginn og umhverfi hans sem eina heild er þeir reyna að bæta lífsskilyrði einstaklinga (Farley o.fl., 2006).

Hjálparstarf kirkjunnar er ein af þeim þremur hjálparstofnunum sem veita mataraðstoð til bágstaddra. En þar starfa nú tveir félagsráðgjafar sem veita ráðgjöf

til skjólstæðinga (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009). Sjálfboðaliðar sjá um mismunandi verk, en það þarf margar hendur að taka á móti vörum, setja matvörur í poka og raða í hillur og afgreiða skjólstæðinga (Hjálparstarf kirkjunnar, e.d.-b).

Hlutur ráðgjafar sem félagsráðgjafar veittu eftir efnahagskreppuna jókst til muna við þessar nýju aðstæður. Það kom meðal annars í ljós að fólk náði ekki að greiða úr fréttum fjölmiðla og það leiddi til þess að það fylltist áhyggjum og óöryggi. Fólk gerði sér ekki grein fyrir því hvaða afleiðingar aðferðir stjórnvalda myndu hafa á stöðu þeirra og hverjar ekki. Það var því mjög mikilvægt að veita þessum einstaklingum persónulega ráðgjöf og túlka aðgerðir og úrræði eftir stöðu hvers og eins. Samstarf jókst meðal annars við aðrar stofnanir og félagasamtök og með þessu móti tókst að styðja skjólstæðinga til sjálfshjálpar. Hlutur ráðgjafar hjá stofnuninni jókst því verulega eftir efnahagskreppuna. Skjólstæðingar Hjálparstarfs kirkjunnar voru mjög þakklátir fyrir veitta aðstoð og starfsmenn fundu fyrir styrk að finna hversu mikið aðstoðin skipti þá máli (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009).

Hjá Mæðrastyrksnefnd starfa um tuttugu sjálfboðaliðar en þær eru fulltrúar sjö kvennfélaga og þar er veitt mataraðstoð og fatnaður (Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, e.d.) en þar starfar ekki fagfólk.

Hjá Fjölskylduhjálpi Íslands eru allir starfsmenn sjálfboðaliðar sem sjá um að úthluta mat, leikföngum og fatnaði (Fjölskylduhjálpi Íslands, e.d.) en enginn ráðgjöf til skjólstæðinga líkt og hjá Mæðrastyrksnefnd. Félagaráðgjafar starfa eðlilega á annan hátt en sjálfboðaliðar og veita annars konar þjónustu til skjólstæðinga líkt og kom fram hér að ofan í starfi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Félagslegt vandamál sem hefur mikið verið í umræðunni undanfarið er sú mikla fjölgun í hópi hinna snauðu í íslensku samfélagi sem leita sér mataraðstoðar. Félagaráðgjafar geta unnið mikilvægt starf á því sviði líkt og Vilborg Oddsdóttir hefur gert.

Vilborg Oddsdóttir er félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Hún var sú sem tók af skarið og þorði að láta til sín heyra og opnaði umræðu um fátækt á Íslandi, en það var eitthvað sem enginn annar hafði gert. Vilborg hefur krafist aðgerða til að stöðva skömmina sem er á biðraðameningunni eftir mat á Íslandi (Félagaráðgjafafélag Íslands, e.d.b).

Fagfólk býr yfir ákveðnum eiginleikum en það er hæfileikinn til að setja sig í spor annarra, hafa sterka ábyrgðarkennd gagnvart samfélaginu, þörf láta gott af sér leiða auk hæfileika til að sýna samúð og skilning. Háskólanám, starfsþjálfun undir handleiðslu og rannsóknir veita fagmanninum mikilvæga fræðilega þekkingu, hlutlægni og yfirsýn sem gerir honum kleift að nálgast erfið mál og setja ákveðin mörk án þess að bugast. Hann hefur ekki síður góða undirstöðu til að veita sjálfbóðaliðum handleiðslu. Það má segja að félagsráðgjöfum beri skylda að standa vörð um sjálfbóðið starf og hlúi að þróun þess. Fagþekking félagsráðgjafa getur nýst á þann máta að sjálfbóðin störf nái að dafna á uppbyggilegan máta (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

## **6. Framkvæmd rannsókna**

Í eftirfarandi kafla er fjallað um framkvæmd rannsókna. Rannsókn byggir á svokallaðri innihaldsgreiningu á þremur dagblöðum: Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og DV. Hafist var handa við rannsókn þessa í lok janúar 2011 og lauk þeirri vinnu í maí 2011. Rannsóknarspurningar verða lagðar fram og markmið rannsóknarinnar verður kynnt. Greint verður frá fræðilegum undirstöðum eigindlegra rannsóknaaðferða og innihaldsgreiningar. Lýst verður þeim aðferðum sem notaðar voru við gagnaöflun og greiningu gagna. Í lok kaflans verður fjallað um takmarkanir rannsóknar minnar.

### **6.1 Markmið og rannsóknarspurningar**

Markmiðið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á umfjöllun Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV um mataraðstoð hér á landi á árunum 2006-2010. Megin rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Hefur umfjöllun hér á landi um mataraðstoð breyst eftir að hrúnið skall á?
- Hvernig fjalla fjölmiðlar um matarúthlutanir?
- Er munur á umfjöllun fjölmiðlanna þriggja?

Til þess að fá svör við rannsóknarspurningunum var lögð áhersla á að skoða eftirfarandi þætti: Hvernig var umfjöllunin um matarúthlutanir á þessum árum?

Hvaða einstaklingar voru það sem skrifuðu greinarnar? Var umfjöllunin í formi fréttar, greina eða viðtala?

Umfjallanirnar voru flokkaðar niður eftir því hvort þær væru fréttir eða greinar vegna þess að fréttir eru annars eðlis. Greinar eru oft mun ítarlegri en fréttir eru oft á tíðum stuttar og hnitmiðaðar.

## 6.2 Fræðilegar undirstöður

Rannsóknin byggir á innihaldsgreiningu en hún er staðsett mitt á milli eigindlegra rannsóknaraðferða og meginglegra en telst þó til eigindlegra aðferða.

Hægt er að öðlast dýpri skilning á upplifun og aðstæðum einstaklinga þegar notast er við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í eigindlegum rannsóknum reyna rannsakendur að skilja tilgang félagslegra atburða með aðferðum sínum út frá þeim sem taka þátt í þeim. Rannsakandi setur sig í spor einstaklingsins og reynir að skilja hann á hans eigin forsendum. Markmiðið er að skilja þá merkingu sem fólk leggur í sína reynslu og upplifun út frá sjónarhorni viðkomandi einstaklings. Rannsakendur einbeita sér að einstaklingsbundnum eiginleikum lífsins. Í eigindlegum rannsóknum er ekki byrjað á rannsókn með kenningu eins og er gert í meginglegum aðferðum, heldur byrja rannsakendurnir á því að kanna hinn eigindlega reynsluheim fólks. Eigindleg rannsóknaraðferð hefur önnur markmið en þær meginglegu en þar er markmiðið að fá mjög víðtækar tölfræðilegar upplýsingar um það viðfangsefni sem verið er að skoða (Esterberg, 2002).

Hefðbundin innihaldsgreining vísar til kerfisbundinnar skoðunar á rituðum texta (Biber og Leavy, 2011; Stemler, 2001). Upphaflega var þessi rannsóknaraðferð megingleg í eðli sínu og rannsakendur töldu ákveðið tilvik af tilteknum hlut í því sem þeir voru áhugasamir um, eins og til dæmis kynjamisrétti eða fordómar í dagblöðum. Innihaldsgreining er í dag ekki flokkuð sem megingleg eða eigindleg aðferð af mörgum rannsakendum. Innihaldsgreining sameinar þessar tvær rannsóknaraðferðir og blandar þeim saman. Einnig getur verið litið á innihaldsgreiningu í eðli sínu sem blandaða aðferð til greiningar eða aðferð sem inniheldur alltaf þann möguleika á bæði eigindlegum og meginglegum aðferðum (Biber og Leavy, 2011).



Á meðan flestar klassískar innihaldsgreiningar leiða til tölulegra upplýsinga á aðal atriðum textasafnsins, þá eru umtalsverðar hugleiðingar sem fara fram áður en mælingin á sér stað líkt og með gerð textans, eiginleika hans og sérkenni. Deilt hefur verið um magn eða gæði í félagslegum rannsóknum (Biber og Leavy, 2011).

Innihaldsgreining gerir rannsakanum kleift að komast yfir mikið magn af gögnum með tiltölulega auðveldum kerfisbundnum máta. Það getur verið gagnlegt að nota aðferð innihaldsgreiningar til að hjálpa okkur að skoða sjónarhorn einstaklinga, hópa, eða stofnana. Efnisgreining veitir grundvöll til að fylgjast með breytingum í almenningsáliti. Gögnum sem er safnað á ákveðnu tímabili er hægt að bera saman með hlutlægum samanburði við gögn sem safnað verður í framtíðinni til að kanna hvort breytingar hafi átt sér stað (Stemler, 2001).

### **6.3 Gagnasöfnun**

Rannsóknargagna var aflað í gagnasafni Morgunblaðsins, DV og Fréttablaðsins. Hjá Morgunblaðinu er hægt að leita að greinum í tvenns konar leitarkerfi, annars vegar efnisleit og hins vegar orðaleit. Þar sem rannsóknin fjallar um matarúthlutanir þá valdi ég ákveðin leitarorð fyrir innihaldslýsinguna til að finna viðeigandi greinar. Eftir að reynsla var komin á notkun á gagnasafni Morgunblaðsins var ljóst að efnisleitin gaf betri niðurstöður ef notuð voru fleiri orð en orðaleitin betri ef leitað var eftir einu tilteknu orði.

Leitin hjá Fréttablaðinu sem er inn á Vísi.is er ekki jafn fullkomin og leitin á Morgunblaðinu. Á vef Fréttablaðsins og Vísis er aðeins hægt að slá inn leitarorð sem er efst til hægri á heimasíðu prentmiðilsins. Þá koma upp leitarniðurstöður og þar er hægt að velja niðurstöður eftir árum allt til ársins 2004.

Leitin hjá DV var sú sísta. Þar var slegið inn lykilorð líkt og á heimasíðu Vísis en ekki er hægt að velja greinar eftir árum. Auk þess birtast margar greinar sem tengjast leitarorðinu ekki. Til öryggis var farið inn á fréttasafnið og skoðað allar fyrirsagnir sem birtust fyrir hvern dag en það var fremur tímafrekt. Einnig nær fréttasafnið aðeins til september 2007 sem kom sér illa vegna þess að greiningin var frá árinu 2006. Því var ákveðið að taka fyrir árin 2006 til 2010 hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu en frá september 2007 í DV.

Eftirfarandi orð voru notuð við leit í gagnasafni Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV:

- Matarúthlutun
- Mataraðstoð
- Biðröð
- Fátækt
- Hjálparstarf Kirkjunnar
- Fjölskylduhjálp Íslands
- Mæðrastyrksnefnd
- Vilborg Oddsdóttir
- Ásgerður Jóna Flosadóttir
- Ragnhildur Guðmundsdóttir

Í efnisleit á vef Morgunblaðsins eru slegnar inn leitarforsendur sem leitarvélin notar við leit að greinum. Bestar niðurstöður nást ef slegnar eru inn lýsandi setningar. Leitarvélin metur greinar út frá þeim leitarforsendum sem gefnar hafa verið upp eftir að smelt er á hnappinn leita (Morgunblaðið, e.d.-a).

Önnur aðferð er orðaleit í gagnasafni Morgunblaðsins. Í orðaleit eru slegin inn stök orð í dálkinn orðaleit. Leitarvélin finnur greinar eftir þeim leitarorðum sem slegin hafa verið inn og niðurstöður birtast í tímaröð. Einnig er hægt að leita eftir stofni orða með því að haka í viðeigandi reit sem er fyrir neðan leitarorðssvæðið. Dæmi um orðstofnaleit er þegar til dæmis er slegið inn orðið stangveiði þá finnast til dæmis orðin stangveiðar, stangveiðum, stangveiðanna, stangveiðarnar og svo framvegis. Í orðstofnaleit skulu nafnorð vera í nefnifalli, lýsingarorð í frumstigi og sagnorð í nafnhætti (Morgunblaðið, e.d.-b). Ekki var notast við orðstofnaleit vegna þess að ekki fengust nægilega góðar niðurstöður.

Í leitinni í gagnasöfnum blaðanna birtust iðulega mikið af greinum sem kom matarúthlutunum ekkert við. Til þess að prufa áreiðanleika gagnasafnsins þá var nokkrum sinnum leitað af sömu setningunni til að ganga úr skugga um að sami fjöldi kæmi, leitarvélin var stöðug í þeim niðurstöðum.

Í greinasafni Morgunblaðsins er hægt að leita eftir flokkum með því að haka við það sem verið er að leita eftir. Flokkarnir sem valdir voru: Innlent, erlent,

menning, aðsend efni, ritstjórnargreinar, sunnudagsmoggi, lesbók, skoðanir, daglegt líf og ýmis aukablöð.

#### **6.4 Greining**

Hver grein sem fannst við leitina var flokkuð eftir ákveðnum atriðalista sem hannaður var. Listinn innihélt meðal annars hverjir væru viðmælendur, hvers eðlis greinin væri svo sem hvort hún væri frétt, viðtal eða grein og hvaða hjálparstofnanir var minnst á í greinunum. Til dæmis var skoðað við hvern var rætt, hvort það voru skjólstæðingar, starfsmenn hjálparstofnanna, styrktaraðilar, blaðamennirnir sjálfir en þá voru það þeir sem skrifuðu greinarnar og enginn viðmælandi kom við sögu og svo voru aðrir. Í flokknum aðrir voru yfirleitt aðsendar greinar meðal annars eftir presta, þingmenn og almenna borgara. Í gagnasafni Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV voru greinarnar yfirleitt merktar sem frétt og hafði hún þá birst á þartilgerðum fréttasíðum blaðanna. Grein var skilgreind þannig að þegar fjallað var á fræðilegum nótunum um ákveðið atriði og oft komu sérfræðingar með innlegg. Einnig voru innsendar greinar flokkaðar sem greinar. Viðtal var svo samtali milli viðmælenda og blaðamanns.

#### **6.5 Takmarkanir rannsóknar**

Niðurstöður rannsóknarinnar endurspeglu aðeins umfjöllun í prentmiðlunum þremur, Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV. Því er ekki hægt að alhæfa niðurstöður um þær birtingamyndir sem fengust um matarúthlutanir. Auk þess getur verið að ekki hafi fundist allar þær greinar sem skrifaðar voru um mataraðstoð svo það gæti mögulega skekkt niðurstöður. Rannsakandi gæti einnig hafa túlkað þær greinar sem fundust á annan máta en aðrir einstaklingar og því er þessi greining aðeins mat hans á umfjöllunum fjölmiðlanna þriggja á mataraðstoð.

#### **6.6 Samantekt**

Í eftirfarandi kafla hef ég greint frá rannsóknarspurningum mínum og markmiðum rannsóknar. Fjallað var um fræðilegar undirstöður rannsóknar og eigindlegum aðferðum og innihaldsgreiningu voru gerð skil. Greint var frá því hvernig öflun

gagna fór fram og hvernig gögnin voru greind ásamt takmörkunum rannsóknar. Í næstu köflum verður greint frá helstu niðurstöðum úr prentmiðlunum þrem.

## 7. Niðurstöður: Greining á greinum Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV 2006-2010

Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum sem fengnar voru eftir að hafa rýnt í dagblöðin þrjú. Kannað var hvort umfjallanir hafi breyst um matarúthlutanir eftir að efnahagskreppan skall á í lok september 2008.

### 7.1 Tíðni greina eftir prentmiðli

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir heildartölur yfir greinar sem innihéldu umræðu um matarúthlutanir á árunum 2006-2010. Ástæða þess að fjöldi greina er lægri hjá DV er sökum þess að greinasafn þeirra nær aðeins frá september 2007 en ekki janúar 2006 líkt og hjá hinum tveimur prentmiðlunum auk þess sem blaðið er ekki gefið út á hverjum degi. Umfjallanir hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu eru nánast jafn margar eða 133 greinar hjá Morgunblaðinu og 136 greinar hjá Fréttablaðinu en þær eru mun færri hjá DV eða aðeins 84 greinar.

**Tafla 3.** Fjöldi greina eftir dagblaði á árunum 2006-2010.

Prentmiðill	Fjöldi	Hlutfall
Morgunblaðið	133	37,7%
Fréttablaðið	136	38,5%
DV	84	23,7%
<b>Samtals</b>	<b>353</b>	<b>100%</b>

### 7.2 Umfjöllun prentmiðla eftir árum og mánuðum

Á töflum 4,5 og 6 sést greinilega hvað greinum um matarúthlutanir fjölgar. Það sem skýrir þessa miklu fjölgun umfjallana er efnahagskreppan sem skall á í lok september 2008. Umfjöllun var sjaldgæf fyrir hrun þó fátækt væri til staðar og

margir sem leituðu eftir aðstoð hjálparsamtaka, eins og eftirfarandi greinar gefa glöggva mynd af:

Matarúthlutanir eru ekki nýjar af nálinni á Íslandi en þó ekki eins rótgrónar og margir telja. Harpa Njáls félagsfræðingur segir að yfirvöld hafi búið vandamálið til á 10. áratugnum. Kreppan hafi því bæst ofan á félagslegan vanda sem þegar var til staðar og margfaldað hann (Matargjafir einsdæmi á Norðurlöndum, 2010).

Þessi grein sem birtist í Morgunblaðinu árið 2006 er eftir Jóhönnu Sigurðardóttir núverandi forsætisráðherra Íslands en hún gefur einnig góða mynd af þeirri fátækt og þeim skort sem ríkti í samfélaginu þó fjölmiðlar hafi ekki mikið fjallað hann:

Skuggi fátæktar hvílir því yfir nálægt 20 þúsund landsmönnum um þessi jól. Fólk er oft í sárri neyð. Því er skammtað úr hnefa. Laun þeirra, lífeyrir eða atvinnuleysisbætur, eru svo smátt skömmtuð að þau duga ekki fyrir brýnustu nauðpurftum. Sama hve mikið er sparað. Sama þótt unnin sé fullur vinnudagur. Þetta fólk biður ekki um mikið. Aðeins að það geti staðið upprétt og átt fyrir nauðpurftum. Það vill geta glatt börn sín á jólnum. Gefið þeim smágjöf. Átt fyrir jólamatnum. Betri mat en hina daga ársins. Það spyr áleitinna spurninga: Af hverju getur ein af ríkustu þjóðum heims ekki fært okkur ögn meira, til þess að við getum líka átt jól án aðstoðar hjálparsamtaka? (Jóhanna Sigurðardóttir, 2006).

Eftirfarandi grein birtist í Fréttablaðinu árið 2010 en hún er eftir Ragnheiði Sverrisdóttur, djákna og verkefnastjóra á Biskupsstofu. Þar fjallar hún um þann mikla skort sem fólk bjó við fyrir hrunið og telur það sorglegt að ekki hafi verið gert neitt í góðærinu til að bæta úr aðstæðum þessa hóps í samfélaginu:

Fólk sem þekkir hjálparstarf bæði fyrir og eftir hrun veit að það var til fátækt áður en bankarnir hrundu. Það var gjá á milli ríkra og fátækra sem óx ört í góðærinu. Sú gjá hefur ekki lokast. Það er tvenns konar fátækt í samfélaginu í dag, ný fátækt og gömul viðvarandi fátækt. Það sorglega er að jafnvel í góðærinu var ekki reynt að útrýma viðvarandi fátækt (Ragnheiður Sverrisdóttir, 2010).

Í töflu 4 hér að neðan má sjá að það er lítil umræða um matarúthlutanir á fyrri hluta árs 2006 og 2007 í Morgunblaðinu. Árið 2008 er umfjöllun lítil fyrri hluta árs en greinum fjölgar í október. Líklega er að það sé sökum efnahagskreppunnar sem hófst í lok september sama ár. Athyglisvert er að sjá að umræðan um mataraðstoð er stöðugri á árunum 2009-2010 og birtist grein í blöðunum nánast mánaðarlega. Í nóvember og desember er umfjöllunin þó mest. Þá fjalla greinarnar mikið um undirbúning fyrir jólaúthlutunina og um það hversu mikil fjölgun hefur verið á skjólstæðingum ásamt þeim mikla fjölda sem styrkir stofnanirnar með matar- eða peningagjöfum. Fjölgun greina fer því sífelld vaxandi eftir árum, ef við skoðum árið 2006 þá var heildarumfjöllun yfir árið 14 greinar en það er svipað og umfjöllun er á einum mánuði á árunum 2009 og 2010 en þá er greinafjöldinn komin upp í 42 og 43 greinar.

**Tafla 4. Umfjöllun eftir árum og mánuðum í Morgunblaðinu**

#### Morgunblaðið

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
2006	0	0	0	1	1	0	0	0	0	0	2	10	14
2007	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	3	6	10
2008	1	1	2	0	0	0	0	0	0	5	7	8	24
2009	1	4	2	2	2	0	2	5	2	2	7	13	42
2010	2	1	2	2	0	1	3	1	7	4	8	12	43
<b>Alls</b>	<b>4</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>9</b>	<b>12</b>	<b>27</b>	<b>49</b>	<b>133</b>

Í Töflu 5 hér að neðan má sjá að umfjöllun um mataraðstoð í Fréttablaðinu var ekki nein árið 2006 fyrr en í desember en þá birtust 8 greinar, enda fer jólaúthlutun hjálparsamtaka fram þá. Sömu sögu má segja um árin þar á eftir fram í lok 2008 en þá tekur umfjöllunin kipp. Frá því að vera 8 greinar árið 2006 yfir í það að vera 62 greinar árið 2010 sem er um 46% greina yfir árin fimm. Líkt og sjá má greinilega á þessari töflu þá fjölgar umfjöllunum eftir efnahagskreppuna í lok september 2008 en það er einmitt í byrjun október sem greinum fer fjölgandi.

**Tafla 5. Umfjöllun eftir árum og mánuðum í Fréttablaðinu**

**Fréttablaðið**

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
2006	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8	<b>8</b>
2007	1	0	0	0	0	0	0	0	1	1	2	6	<b>11</b>
2008	0	0	1	0	1	0	0	2	0	4	2	10	<b>20</b>
2009	1	4	1	1	1	2	1	3	1	2	3	15	<b>35</b>
2010	2	0	14	3	1	2	2	1	2	10	9	16	<b>62</b>
<b>Alls</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>16</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>17</b>	<b>16</b>	<b>55</b>	<b>136</b>

Í töflu 6 vantar tölur yfir árið 2006 og fram í september 2007 vegna þess að ekkert aðgengi var að þeim á netinu og of tímafrekt þótti að fletta öllum þeim blöðum sem gefin voru út á því tímabili. Árið 2007 voru aðeins tvær umfjallanir um matarúthlutanir og þær greinar birtust í desember. Á fyrrihluta árs 2008 er nánast engin umfjöllun nema tvær greinar birtust á tímabilinu janúar til júlí. Umfjöllun DV um matarúthlutanir hefur ekki tekið kipp eftir bankahrunið líkt og hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Þó er talsverð aukning hjá DV en flestar greinar voru birtar árið 2010, 36 greinar eða um 43% af heildarfjölda greina. Í mars mánuði 2010 eru 6 greinar og tengjast þær páskaúthlutunum. Í október mánuði 2010 er umfjöllun mest en þá birtast 8 greinar og í desember birtast 6 greinar en það telst fremur óvenjulegt ef miðað er við Morgunblaðið og Fréttablaðið en þar er umfjöllun um mataraðstoð mest í desember.

**Tafla 6. Umfjöllun eftir árum og mánuðum í DV**

**DV**

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
2006	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
2007	–	–	–	–	–	–	–	–	0	0	0	2	<b>2</b>
2008	0	0	1	1	0	0	0	4	1	3	3	7	<b>20</b>
2009	1	0	4	1	1	2	0	5	2	2	1	7	<b>26</b>
2010	1	1	6	2	0	4	0	0	6	8	2	6	<b>36</b>
<b>Alls</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>11</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>6</b>	<b>0</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>13</b>	<b>6</b>	<b>22</b>	<b>84</b>

### 7.3 Skyggst inn í heim matarúthlutana

Grein í Morgunblaðinu sem birtist hér að neðan gefur góða mynd af degi í lífi skjólstaðinga hjálparstofnanna, sumir eru ánægðir með þá aðstoð sem þeim er veitt en aðrir verða fyrir vonbrigðum er þeir kíkja ofan í poka sína. Fólk leggur mikið á sig að standa í biðröðum eftir mat eins og kemur fram hér að neðan en fólk stendur oft úti í frosti og kulda tímunum saman í þeirri von að fá afhentan matarpoka.

„Er ekki meira en þetta?“ spyr þreytuleg kona eftir að hafa litið ofan í pokann og vonbrigðin hennar eru augljós. Önnur tekur feginshendi við því sem henni er rétt og þakkar margfalt fyrir. „Þetta er æðislegt“ segir hún og brosir í átt til sjálfboðaliðanna. Það er hefðbundin miðvikudagsúthlutun hjá Mæðrastyrksnefnd og mörgum klukkustundum áður en er opnað er tekin að myndast röð fyrir utan. Skiptir engu þótt úti sé bæði frost og vindur svo kuldinn smýgur inn að beini (Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, 2008).

Eftirfarandi er tekið úr grein sem ber nafnið Græt mig í svefn á hverri nóttu og gefur okkur góða mynd af ástandi einstæðrar tveggja barna móður sem hefur ekki efni á að gefa börnum sínum að borða:

„Ég er að verða matarlaus. Ég veit ekki hvernig ég á að gefa börnunum mínum að borða“ segir grátklökk einstæð tveggja barna móðir á þrítugsaldri. Hún gagnrýnir að hún þurfi að framvísa launaseðlum og reikningum til að geta fengið mataraðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. „Nógu þung eru skrefin samt, þótt ég þurfi ekki að taka með mér heimilisbókhalðið“ (Ingimar Karl Helgason, 2010).

Tvær konur sem nýttu sér mataraðstoð Fjölskylduhjálpar Íslands lýsa upplifun sinni og líðan er þær sóttu sér aðstoð í eftirfarandi greinum:

Ég hefði aldrei trúað því að ég ætti eftir að fara þarna. Mér leið ömurlega, en það var rosalega vel tekið á móti mér,“ segir einstæð, þriggja barna móðir, sem leitaði í fyrsta sinn til Fjölskylduhjálpar í gær (Una Sighvatsdóttir, 2010).



„Mér finnst alltaf jafn erfitt að koma hingað og þiggja mat,“ sagði 57 ára kona eftir að hún fékk mat og aðrar nauðsynjavörur hjá Fjölskylduhjálpi Íslands í gær. Hún hefur í þrjú ár þurft að leita sér aðstoðar til að komast af (Maturinn kláraðist á undan biðröðinni, 2008).

Eftirfarandi grein í Fréttablaðinu gefur okkur innsýn inn í heim sjálfboðaliða hjálparstofnanna:

Sjálfboðaliðar, allt konur eru í óða önn að ganga frá matar-skömmum þannig að hann sé hæfilegur fyrir skjólstæðinga nefndarinnar. Húsið opnar klukkan tvö og þá á allt að vera tilbúið. „Sjáðu, við fengum tonn af eggjum gefins frá Vallá, alveg óvænt,“ segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir formaður sem tekur á móti gestinum. Tonn af eggjum er ekkert smáræði og það þarf hröð handtök til þess að koma þeim fyrir í eggjabökkum, jafn gott að nokkrir sjálfboðaliðar eru mættir á staðinn. „Við erum alveg óskaplega þakklátar þegar við fáum svona gjöf,“ segir Ragnhildur og undir það taka félagar hennar sem mættir eru á staðinn (Sigríður Björg Tómasdóttir, 2008).

#### 7.4 Hverjir eru viðmælendur?

Í rannsókninni var kannað hverjir viðmælendur voru hjá prentmiðlunum þremur eða hverjir það voru sem skrifuðu greinarnar. Kannað var hvort viðmælendur væru starfsmenn hjálparstofnanna, skjólstæðingar, blaðamenn en með blaðamönnum er átt við að greinarnar eru skrifaðar af þeim og því er engin viðmælandi eða styrktaraðilar en þá er átt við þá aðila sem veittu styrki til hjálparstofnana. Aðrir voru í flestum tilfellum þeir sem sendu inn greinar en þær voru meðal annars frá prestum, alþingismönnum og almennum borgurum.

Þegar tafla 7 er skoðuð er ljóst að aðilar frá hjálparsamtökum eru í miklum meirihluta til umræðu hjá Morgunblaðinu. Í flestum tilfellum eru þeir að greina frá þeim skorti sem ríkir hér á landi og hversu margir skjólstæðingar leita til hjálparstofnanna í hverri viku. Hjálparstofnanirnar þrjár, Hjálparstarf Kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpi eru viðmælendur í um 44% tilvika. Þar á eftir

koma blaðmenn en þeir eru ekki viðmælendur eins og gefur að skilja heldur eru það þeir sem skrifa greinarnar og enginn viðmælandi er til staðar. Aðrir eru 15% en sjá má skilgreiningu á aðrir hér að ofan. Styrktaraðilar og skjólstæðingar reka svo lestina en þeir eru viðmælendur í 6% og 3% tilvika.

**Tafla 7. Viðmælendur í greinum Morgunblaðsins á árunum 2006-2010**

Morgunblaðið		
Viðmælendur	Fjöldi	Hlutfall
Hjálparstofnanir	59	44,4%
Skjólstæðingar	4	3,0%
Styrktaraðilar	8	6,0%
Blaðamenn	42	31,6%
Aðrir	20	15,0%
Alls	133	100,0%

Í töflu 8 er greint frá viðmælendum Fréttablaðsins. Þar er líkt og í Morgunblaðinu hjálparstofnanir í miklum meirihluta viðmælenda eða í um 38% tilvika. Töflur 7 og 8 eru mjög álíkar í hlutföllum viðmælenda fyrir utan að rætt er við styrktaraðila í meiri mæli hjá Fréttablaðinu eða í um 15% tilvika á móti 3% í Morgunblaðinu.

**Tafla 8. Viðmælendur í greinum Fréttablaðsins á árunum 2006-2010**

Fréttablaðið		
Viðmælendur	Fjöldi	Hlutfall
Hjálparstofnanir	52	38,2%
Skjólstæðingar	5	3,7%
Styrktaraðilar	20	14,7%
Blaðamenn	38	27,9%
Aðrir	21	15,4%
Alls	136	100,0%

Eins og sjá má á töflu 9 hér að neðan er líkt og hjá hinum prentmiðlunum tveim rætt að mestu við hjálparstofnanir eða í um 45% tilvika hjá DV.

Birt voru fimmtán viðtöl þar sem rætt var við skjólstæðinga hjálparstofnana. Sú tala er mun hærri en hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þrátt fyrir að DV sé með

mun færri greinar eða alls 84. Í Morgunblaðinu voru viðtöl við skjólstæðinga fjögur og í Fréttablaðinu fimm talsins. Viðtöl við skjólstæðinga hjálparstofnanna hjá DV einkennast svolítið af neikvæðni og dregið er fram svört mynd af aðstæðum þeirra sem ekki er algeng hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Fyrirsagnir DV eru oft mjög lýsandi og dramatískar líkt og eftirfarandi fyrirsagnir: Lúxus að fá ost, Svo sveltí ég mig bara inn á milli, Leitaði til Fjölskylduhjálpar: Fólk leiti sér frekar aðstoðar en að svipta sig lífi, Barin í biðröð eftir matarúthlutun og Vill frekar deyja en lifa í þessu víti.

**Tafla 9. Viðmælendur í greinum DV frá september 2007-2010**

DV		
Viðmælendur	Fjöldi	Hlutfall
Hjálparstofnanir	38	45,3%
Skjólstæðingar	15	17,9%
Styrktaraðilar	5	6,0%
Blaðamenn	22	26,2%
Aðrir	4	4,8%
Alls	84	100,0%

Dæmi um dramatíska umfjöllun er grein í DV þar sem viðtal er tekið við skjólstæðing Fjölskylduhjálpar Íslands:

„Hún grípur um hálsinn á mér og læsir nöglunum í mig,“ segir Esther Erludóttir, þriggja barna móðir, sem varð fyrir líkamsárás í biðröð eftir matarúthlutun hjá Fjölskylduhjálpar Íslands á miðvikudaginn. Esther hefur kært árásina en segist hafa mætt fálæti hjá lögreglunni (Sigurður Mikael Jónsson, 2010).

## 7.5 Eðli umfjöllunar

Í rannsókninni voru blaðgreinarnar greindar eftir því hvort þær væru grein, frétt eða viðtal. Í gagnasafni prentmiðlanna voru greinar yfirleitt merktar frétt ef þær féllu undir þann flokk og höfðu þá birst á tilteknum fréttasíðum blaðsins. Grein var í flestum tilfellum eftir blaðamann en einnig voru aðsendar greinar flokkaðar í

þann hóp. Greinar blaðamanns voru yfirleitt almenns eðlis um ákveðið málefni. Viðtal var þegar blaðamaður ræddi við viðmælenda sem var svo birt í blaðinu. Í töflu 10 má sjá að fréttir voru í meirihluta í Morgunblaðinu eða í um 80% tilvika. Greinar komu þar á eftir í um 19% tilvika en fremur fá viðtöl voru tekin eða aðeins eitt. Fréttirnar voru almenns eðlis, líkt og hversu margir sóttu um aðstoð, hvað þörfin væri mikil, fréttir um styrki sem ýmis samtök og fyrirtæki veittu hjálparstofnunum, og innlegg frá starfsmönnum hjálparstofnana svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru stuttar fréttatilkynningar um hvar væri hægt að sækja sér aðstoð um mat og á hvaða tíma væri opið. Greinar voru í miklum mæli aðsendar. Þar var oft á tíðum verið að gagnrýna þær raðir sem myndast fyrir utan hjálparstofnanir og hvers vegna hið opinbera geri ekkert í málum hinna fátæku. Viðtöl eru ekki tíð eins og sést hér að neðan eða aðeins eitt viðtal á þessu 5 ára tímabili.

**Tafla 10. Eðli umfjöllunar í Morgunblaðinu 2006-2010**

Morgunblaðið		
	Fjöldi	Hlutfall
Viðtal	1	1%
Frétt	107	80%
Grein	25	19%
<b>Alls</b>	<b>133</b>	<b>100%</b>

Í Fréttablaðinu er umfjöllun mjög svipuð og hún er í Morgunblaðinu en minna er af aðsendum greinum sem kallast umræðan hjá Fréttablaðinu. Í um 92% tilvika er um frétt að ræða en þá er eins og greint var frá hér að ofan verið að ræða um fátækt og matarúthlutanir, hvaða hópar það eru sem sækjast eftir aðstoð og í miklum mæli eru fréttir um styrki til hjálparstofnana. Viðtöl eru aðeins tvö talsins og greinar í Fréttablaðinu eru níu. Umræðan sem birtist í Fréttablaðinu flokkast undir greinar vegna þess að þar eru aðsendar fréttir frá einstaklingum út í þjóðfélaginu sem segja frá sínum skoðunum á matarúthlutunum og fyrirkomulagi þeirra í mörgum tilfellum.

**Tafla 11. Eðli umfjöllunar í Fréttablaðinu 2006-2010**

Fréttablaðið		
	Fjöldi	Hlutfall
Viðtal	2	1%
Frétt	125	92%
Grein	9	7%
<b>Alls</b>	<b>136</b>	<b>100%</b>

Umfjöllun í DV er örlítið frábrugðin hinum tveim prentmiðlunum en þar eru fleiri viðtöl sem eru í flestum tilfellum við skjólstæðinga og sjálfboðaliða hjálparstofnanna þriggja eða um 19% tilvika. Fréttir eru í um 79% tilvika og eru þá almenns eðlis líkt og hjá hinum tveim miðlunum. Aðeins tvær greinar fundust um matarúthlutanir sem er frábrugðið Morgunblaðinu sem birti 25 greinar og Fréttablaðinu sem birti 9 greinar.

**Tafla 12. Eðli umfjöllunar í DV september 2007-2010**

DV		
	Fjöldi	Hlutfall
Viðtal	16	19%
Frétt	66	79%
Grein	2	2%
<b>Alls</b>	<b>84</b>	<b>100%</b>

### 7.6 Samkeppni hjálparstofnana

Í umræðunni á Íslandi hefur verið fjallað um þá samkeppni sem virðist vera komin í hjálparstarfið. Sumar hjálparstofnanir eru ekki aðeins að veita mataraðstoð heldur einnig að bjóða upp á klippingu, litun og plokkun svo eitthvað sé nefnt líkt og Fjölskylduhjálpi Íslands hefur boðið upp á undanfarið. Þó eru líklega margir sem telja það vera frábæra nýjung í hjálparstarfið. En líklegt þykir að hjálparstofnanirnar þrjár myndu geta sinnt skjólstæðingum sínum mun betur ef þær myndu sameina krafta sína. Vilborg Oddsdóttir hefur sagt að það myndi henta vel að skipta hópnum á milli hjálparstofnana því þá myndu einstaklingar ekki leita á náðir fleiri en einna stofnana auk þess sem hægt væri að veita rausnarlegri matarpakka.

Frétt sem birt var í DV árið 2010 segir að hjálparstofnanirnar ættu að hætta samkeppni innbyrðis og fara að vinna saman að sögn Vilborgar Oddsdóttur félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar:

Hún segir Mæðrastyrksnefnd, Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarf kirkjunnar vera ólík hjálparsamtök í eðli sínu og þess vegna sé erfitt að fá þau til að vinna saman með stjórnvöldum. „Og það er það sem við þurfum að gera, við þurfum að hætta að horfa á að mín samtök haldi áfram á sinni braut, ég held við þurfum öll að segja, hvernig get ég breytt mér til þess að koma til móts við þá sem verst eru staddir?“ (Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, 2010).

Dæmi um samkeppni í hjálparstarfinu er grein sem birtist í Fréttablaðinu árið 2010 en þar fjallar Ásgerður Jóna Flosadóttir formaður Fjölskylduhjálpar Íslands um það hvað þær hjá Fjölskylduhjálpinni eru uppáfinningasamar en nú er boðið upp á litun og plokkun augnabrána:

„Við erum svolítið uppáfinningasamar hér í Fjölskylduhjálpinni og reynum alltaf að finna hvar þörfin er og hvað það er sem fólk þarf. Og það er alveg óháð því hvort konur eru ríkar eða fátækar. Allar viljum við líta þokkalega út,“ (Allar viljum við líta þokkalega út, 2010).

Margir myndu líklega deila um það hvort sú þörf og fátækt sem sé ríkjandi í samfélaginu nú snúist að einhverju leyti um plokkun og litun. En önnur grein sem fjallar um nýjungar í starfi Hjálparsamtaka er frétt sem birtist í DV árið 2010 en þar er greint frá því að Fjölskylduhjálpar Íslands hafi fengið til liðs við sig heilsuráðgjafa:

Fjölskylduhjálpar Íslands mun bjóða skjólstaðingum sínum upp á ráðgjöf heilsuráðgjafa. Heilsuráðgjafinn mun ráðleggja fólki um hin ýmsu mál er tengjast líkama og heilsu og hvernig vinna megi gegn heilsuleysi (Sigurður Mikael Jónsson, 2010).

Eftirfarandi grein er staðsett í umræðu floknum í Fréttablaðinu. Greinina skrifar Guðmundur Andri Thorsson en þar fjallar hann meðal annars um að við eigum að skammast okkar fyrir opinberar biðraðir eftir mat. Hann fjallar einnig um að það eigi að vera hlutverk félagslega kerfisins að koma nauðstöddum til hjálpar ásamt því að það sé löngu komin tími á það að hjálparstofnanir fari að vinna saman:

Löngu er komin tími á það að opinberir aðilar komi skikki á starfsemi þeirra einkastofnanna sem deila út matargjöfum og virðist stundum í hálfgerðri samkeppni og gott ef ekki markaðssetningu á sjálfum sér. Þessa þörf fyrir matargjafir og aðra ölmusu þurfa yfirvöld að kanna og uppfylla hana með mannsæmandi hætti (Guðmundur Andri Thorsson, 2010).

## 7.7 Hjálparstofnanir og prentmiðlarnir þrír

Í umfjöllun Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV er mikið fjallað um þær hjálparstofnanir sem sjá um að aðstoða þá sem minna mega sín og veita þeim mataraðstoð. Það eru Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd. Talning fór fram á því hversu oft ákveðin stofnun kom fyrir í greinunum og í sumum tilfellum gat verið minnst á þær allar í sömu grein. Þegar niðurstöður lágu fyrir var það Mæðrastyrksnefnd sem var oftast fjallað um í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu en í DV var það Fjölskylduhjálp Íslands. Í töflu 13 hér að neðan má sjá Mæðrastyrksnefnd er með 91 umfjöllun eða í 44% tilvika í Morgunblaðinu á fimm ára tímabilinu. Hjálparstarf kirkjunnar er nefnt á nafn 70 sinnum eða í um 34% umfjallana og Fjölskylduhjálp Íslands í 45 skipti eða í 22% tilfella.

**Tafla 13. Tíðni þess hversu oft hjálparstofnanir birtast í Morgunblaðinu**

Morgunblaðið		
Hjálparstofnanir	Fjöldi	Hlutfall
Fjölskylduhjálp Íslands	45	22%
Hjálparstarf kirkjunnar	70	34%
Mæðrastyrksnefnd	91	44%
<b>Alls</b>	<b>206</b>	<b>100%</b>

Í töflu 14 er tíðni þess sem minnst er á Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp í Fréttablaðinu mjög svipuð. Umfjöllun um mæðrastyrksnefnd er í 70 skipti eða í 39% tilfella en Fjölskylduhjálp í 66 skipti eða í 37% tilfella. Hjálparstarf kirkjunnar fær minnsta umfjöllun af þessum þremur hjálparstofnunum eða í 44 skipti sem er í 24% tilvika.

**Tafla 14. Tíðni þess hversu oft hjálparstofnanir birtast í Fréttablaðinu**

Fréttablaðið		
Hjálparstofnanir	Fjöldi	Hlutfall
Fjölskylduhjálp Íslands	66	37%
Hjálparstarf kirkjunnar	44	24%
Mæðrastyrksnefnd	70	39%
<b>Alls</b>	<b>180</b>	<b>100%</b>

Í töflu 15 hér að neðan er mesta umfjöllunin um Fjölskylduhjálp Íslands í fréttamiðlinum DV eða í 74 skipti sem er í 80% tilvika sem telst vera gífurlega há tala þar sem aðeins eru 84 greinar sem fundust um matarúthlutanir. Mæðrastyrksnefnd er í umræðunni í 16 skipti eða í 17% tilfella en nánast ekkert er fjallað um Hjálparstarf kirkjunnar eða aðeins tvisvar sinnum sem er í um 2% tilfella.

**Tafla 15. Tíðni þess hversu oft hjálparstofnanir birtast í DV**

DV		
Hjálparstofnanir	Fjöldi	Hlutfall
Fjölskylduhjálp Íslands	74	80,4%
Hjálparstarf kirkjunnar	2	2,2%
Mæðrastyrksnefnd	16	17,4%
<b>Alls</b>	<b>92</b>	<b>100%</b>

## 7.8 Fjölskylduhjálp og mismunur

Í marsmánuði 2010 var mikið af greinum sem birtust um Fjölskylduhjálp en þá hafði Ásgerður Jóna Flosadóttir tekið Íslendinga fram fyrir þá erlendu sem stóðu í röð eftir mataraðstoð. Mikil umræða var um þetta í fjölmiðlum og margir gagnrýndu aðgerðir hennar að mismuna fólki eftir þjóðerni. Umræða um þetta var talsverð í Fréttablaðinu og DV. Dæmi um greinar sem fjölluðu um þetta mál verða birtar hér að neðan.

Fyrsta umfjöllunin er frétt sem ber nafnið Mismunar ekki eftir þjóðerni heldur þjóðfélagsaðstæðum en þar er birt yfirlýsing frá Ásgerði Jónu,



framkvæmdastjóra Fjölskylduhjálpar en hún segist ekki hafa getað horft upp á gamalt fólk og einstaklinga með börn gefast upp á biðinni (Mismunar ekki eftir þjóðerni heldur þjóðfélagsaðstæðum, 2010).

Formaður velferðarráðs Reykjavíkur skrifaði grein í Fréttablaðið þar sem hún talar um að hún sé uggandi yfir skorti á umburðarlyndi í kreppunni:

Við þurfum að koma jafnt fram við alla og megum ekki fara þá leið að finnst að innfæddir Íslendingar eigi að njóta forgangs umfram aðra sem búa hér, þótt kreppan sé skollin á (Megum ekki fara þessa leið, 2010).

Einnig segir í greininni að:

Útlendingar sem eru hér hafa flestir verið að vinna erfiðisvinnu í góðærinu, vinnu sem Íslendingar sinntu ekki. Það má ekki segja sem svo að þeir hafi minni rétt en við hin, þegar gefur á bátinn (Megum ekki fara þessa leið, 2010).

Önnur grein birtist eftir Sabine Lekopf en hún er formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi en samtökin krefjast þess að mismunum verði tafarlaust hætt:

„Á tímum sem þessum er mikil hætt á að neikvæð umræða skapist í kringum ákveðna hópa í samfélaginu og ber að forðast það. Á þenslutímum unnu útlendingar þau störf sem þeim var sérstaklega boðið til landsins og vinna og greiddu meira til samfélagsins en þeir þáðu,“ segir í tilkynningu frá samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. „Við viljum ekki umburðarlyndi gagnvart þeim sem svíkja velferðarkerfið eða misnota aðstoð hjálparsamtakanna, hvorki á meðal Íslendinga eða útlendinga. Við krefjumst hins vegar tillagna frá Fjölskylduhjálpi hvernig þau geta tryggt að engir skjólstæðingar þeirra misnoti kerfið, óháð uppruna þeirra eða stöðu í samfélaginu“ (Fjölskylduhjálpi hætti að mismuna fólki, 2010).

Framkvæmdastjóri jafnréttishúss var til viðtals hjá DV og þar greindi hún frá því að henni fannst það vera sorgleg ákvörðun Fjölskylduhjálpar að mismuna skjólstæðingum sínum:

„Mér finnst þetta ótrúlegt. Ég trúi þessu varla. Sérstaklega á tímum þar sem áhersla er lögð á að landsmenn standi saman til að endurbyggja samfélagið,“ segir Amal (Sorgleg ákvörðun Fjölskylduhjálpar, 2010).

### **7.9 Hinar ýmsu birtingamyndir mataraðstoðar**

Skjólstæðingar hjálparstofnanna sjá framtíð sína oft ekki bjarta sökum fátæktar og skorts á mat. Það getur verið erfitt fyrir einstaklinga að vinna sig út úr fátækt og sumir eru því sífellt að berjast í bökkum. Aðrir reyna að sjá björtu hliðarnar og lýsa þakklæti sínu til sjálfboðaliða og hjálparstofnanna.

Dæmi um grein sem lýsir uppgjöf birtist í DV þann 21. ágúst 2008 en það rétt áður en efnahagskreppan skall á. Þar er rætt við þrjár konur sem hafa þurft að sækja sér aðstoð til hjálparstofnanna, ein þeirra lýsir reynslu sinni á eftirfarandi máta:

„Maður er alltaf svangur, alla daga“ segir ein uppgæfin á svip. Hún segir að þær vilji helst ekki fara í Smáralind, Kringluna eða aðrar verslunarmiðstöðvar því þar sé svo mikil matarlykt. „Þangað fer maður stundum að eyða deginum. Bara til þess að bíða eftir næsta degi. Maður vonar og vonar að eitthvað gott gerist. En það gerist bara ekki. Ef þetta er eitthvað sem er komið til að vera, þá er alveg eins gott að deyja. Að þurfa að lifa svona. Þetta er ekki mannsæmandi. Maður vill frekar deyja en lifa í þessu helvíti“ (Vill frekar deyja en lifa í þessu víti, 2008).

Áslaug er skjólstæðingur Fjölskylduhjálpar og hefur sótt aðstoð til þeirra lengi. Í eftirfarandi grein lýsir hún þakklæti sínu fyrir þá aðstoð sem henni hefur verið veitt í gegnum tíðina:

„Ég hef komið hingað lengi. Og ef ekki væri fyrir þetta fólk hér væri ég komin á götuna fyrir lifandi löngu, sveltandi“ segir Áslaug og segist afar þakklát fyrir það starf sem unnið er hjá Fjölskylduhjálpinni. „Það

er tekið svo vel á móti manni hérna að maður á ekki til orð. Maður tárast þegar maður sér þetta góða fólk sem gefur hér vinnu sína. Þau eru að úthluta okkur mat og við skiljum það nánast ekki, við getum ekkert gefið þeim á móti. Nema bros, hlátur og kærleika. Það er það eina sem við eigum. En þau eru að gefa okkur allt“ (Við getum ekkert gefið nema bros, 2008).

Ákveðin ádeila hefur verið um aðstoð hjálparstofnanna til hinna sem minna mega sín en félagsmálayfirvöld hafa gagnrýnt hjálparsamtök fyrir það að sýna ekki nógu fagleg vinnubrögð í starfi sínu: en aðrir eru ósammála þeirri fullyrðingu og segja að hið opinbera vísi skjólstæðingum sínum til hjálparstofnanna en um þetta er fjallað í næstu tveimur greinum:

Að undanfögnu hafa félagsmálayfirvöld gagnrýnt hjálparsamtök fyrir ófagleg vinnubrögð. Til að svara þessu benda forsvarsmenn Mæðrastyrksnefndar og Fjölskylduhjálpar Íslands á að samtökin taki við þar sem hið opinbera getur ekki sinnt skjólstæðingum sínum lengur. Þeim sé vísað, ýmist með formlegum hætti eða óformlegum hætti, til hjálparsamtakanna. „Við höfum áhyggjur af þessum röðum, þar sem fólk bíður eftir að fá mat í poka. Ég geri ekki lítið úr þörfinni, en okkur finnst þessi aðferð ekki vera uppbyggjandi. Hún hvetur ekki til sjálfshjálpar,“ segir Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (Anna Lilja Þórisdóttir, 2010).

Jón Gunnar Bernburg, prófessor segir engin rök vera fyrir því að aðstoð frá hjálparsamtökum hvetji síður til sjálfshjálpar en aðstoð hins opinbera. „Ég myndi halda að fjárstuðningur frá sveitafélögum gerði fólk háðara aðstoð, heldur en matarpoki,“ segir Jón Gunnar. „Af hverju ætti þessi aðstoð að vera verri en önnur aðstoð? Við vitum vel að hópur fólks er háður velferðarkerfinu af ýmsum ástæðum. Það er ekkert nýtt. Fátækt, rétt eins og allar erfiðar félagslegar aðstæður, er niðurbrjótandi til lengri tíma og dregur máttinn úr fólki“ (Anna Lilja Þórisdóttir, 2010).

## Samantekt

Í fyrrgreindum kafla hefur verið greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar úr prentmiðlunum þremur. Niðurstöður leiddu í ljós að Fréttablaðið birtir flestar greinar sem fjalla um mataraðstoð eða 136 greinar. Fast á eftir fylgir Morgunblaðið með 133 greinar en DV rekur lestina með 84 greinar. Líkleg ástæða fyrir færri greinum DV er vegna þess að þar stóð greining frá lok september 2007 en ekki frá árinu 2006 lík og hjá hinum tveim prentmiðlunum, auk þess er DV ekki gefið út daglega.

Er greinar eru skoðaðar eftir árum og mánuðum kemur í ljós að hjá öllum fréttamiðlunum fjölgar umfjöllunum eftir hrúnið í september 2008. Greinum fjölgar mikið eftir árum og flestar greinar eru birtar árið 2010.

Skyggst var inn í heim matarúthlutana með því að birta greinar sem innihéldu viðtöl við skjólstæðinga hjálparstofnanna en þar kom fram upplifun þeirra og líðan að þurfa að leita sér aðstoðar til hjálparstofnanna. Er skoðuð er tíðni þess er hjálparstofnanir birta viðtal við skjólstæðinga kemur í ljós að DV er með flest viðtöl eða 15 talsins, Fréttablaðið fimm og Morgunblaðið fjögur.

Blaðgreinar voru auk þess greindar eftir því hvort þær væru grein, frétt eða viðtal. Hjá prentmiðlunum þremur voru blaðgreinar í flestum tilvikum fréttir. Fréttir voru almenns eðlis líkt og hversu margir hefðu sótt um aðstoð til hjálparstofnanna og hversu mikil þörfin væri, hvenær næsta úthlutun yrði svo eitthvað sé nefnt. Hjá Morgunblaðinu voru 107 af 133 blaðgreinum sem voru flokkaðar sem frétt. Hjá Fréttablaðinu 125 af 136 blaðgreinum og hjá DV birtust 66 fréttir af 84 blaðgreinum.

Eftir greiningu blaðanna þriggja kom í ljós að það er mismunandi eftir blöðum hversu mikla umfjöllun hjálparstofnanir fá. Hjá Morgunblaðinu er það Mæðrastyrksnefnd sem er oftast til umfjöllunar eða í 44% tilvika. Hjá Fréttablaðinu er svipuð umfjöllun um Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands eða 39% og 37%. En hjá DV eru flestar blaðgreinar um Fjölskylduhjálp Íslands eða í um 80% tilvika en aðeins 2% greina fjalla um Hjálparstarf kirkjunnar.

## Umræða og lokaorð

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða umfjöllum Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV um mataraðstoð og athuga hvort hún hefði breyst eftir efnahagshrun. Eftir að hafa skoðað umræðu fjölmiðlanna þriggja á árunum 2006-2010 er ljóst að umfjöllunum hefur fjölgað mikið eftir hrunið í lok 2008. Fréttir eftir hrun einkennast af æsifréttum um neyð fólks en það er ekki verið að skoða vandann sjálfan.

Það efnahagsástand sem ríkir hér á landi nú er afar slæmt og atvinnuleysi er í sögulegu hámarki. En einmitt margir af þeim sem búa við fátækt eru þeir sem hafa misst vinnuna eftir að efnahagskreppan skall á í lok september 2008. Það eru því margir í samfélaginu sem eiga um sárt að binda, ná ekki endum saman og leita því á náðir hjálparstofnanna.

Eftir að hafa rýnt í greinar frá fréttamiðlunum þremur og skoðað íslenskar rannsóknir um þetta efni er það ljóst að hlutfall atvinnulausra sem sækja eftir mataraðstoð hefur fjölgað umtalsvert eftir að kreppan skall á. Árið 2008 til 2009 einkenndist af kollsteyptu efnahagslífi og nýjir hópar fóru að sækja um aðstoð og mesta fjölgunin var á meðal þeirra sem höfðu misst vinnu sína sökum niðurskurðar en fyrir hrun voru það öryrkjar í meirihluta sem sóttu um aðstoð eða í 60% skipta.

Umfjöllun um mataraðstoð var sjaldgæf fyrir hrun, þrátt fyrir að fátækt væri umtalsverð í samfélaginu og stór hópur fólks sem leitaði sér aðstoðar hjálparsamtaka. Fólk var fátækt fyrir hrun og í góðærinu myndaðist gjá á milli hinna ríku og fátæku. Stóra spurningin er því hvers vegna var ekkert gert í því að aðstoða hina fátæku á meðan góðærið stóð sem hæst. Þessi vandi hefur þess í stað aukist og kreppan bættist því ofan á félagslegan vanda og margfaldaði hann.

Áhugavert að velta fyrir sér hvort fjölmiðlar eiga þátt í þeirri menningu sem skapast hefur í kring um mataraðstoðina. Þeir voru duglegir að birta æsifréttir um raðirnar sem voru fyrir utan hjálparstofnanirnar og fjölluðu um þá miklu fjölgun sem átti sér stað eftir hverja úthlutun. Í grein eftir Sigrúnu Júlíusdóttur sem birtist í Fréttablaðinu er fjallað um annarlegan áhuga fjölmiðla á „aumingjagæsku“ og ölmusu og hún líkir því við „fátæktarklámvæðingu“ á góðgerðarstarfsemi í hruninu. En umræðan tengist að sjálfsögðu hruninu en heilir þjófélags hópar eiga enn, tveimur árum síðar í vandræðum við að sjá sér og sínum farboða, jafnvel þeir

sem hafa menntað sig og tamið sér gildi heiðarleika og vinnusemi. Hún telur nauðsynlegt að jafna möguleika almennings til lífsafkomu. Það má gera með faglegri aðstoð og öflugum félagslegum aðgerðum en þá væri hægt að koma í veg fyrir þennan vítahring (Sigrún Júlíusdóttir, 2011).

Oft er talað um samkeppni milli hjálparstofnanna á Íslandi. Rannsakandi telur það mjög mikilvægt að hjálparstofnanir fari að vinna saman og geri þjónustusamning en með því væri hægt að skilgreina hlutverk samtakanna og ákveða verkaskiptingu. Mögulega væri hægt að skipta skjólstæðingahópnum á milli sín svo þeir myndu ekki leita til fleiri en einna hjálparstofnanna líkt kom fram í könnun Velferðarráðuneytis en um 9% skjólstæðinga ætluðu að leita til allra þriggja hjálparsamtaaka en 25,5% til að minnsta kosti tveggja.

Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Velferðarráðuneytið nefndu skjólstæðingar hjálparstofnanna að bæta þyrfti aðstöðu við matarúthlutun og koma á nýju kerfi svo sem rafrænum kortum, en einnig að maturinn sem væri úthlutaður væri oft á tíðum ekki eitthvað sem þau myndu kjósa að kaupa sjálf en það kom einnig fram í könnun sem Hjálparstarf kirkjunnar lagði fyrir skjólstæðinga sína sem bar nafnið Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni.

Þann 15. mars síðastliðinn gerði Hjálparstarf kirkjunnar þær breytingar á mataraðstoð sinni en nú heyrna matarpokar sögunni til frá og með 1. maí. Þessi breyting er gerð til að koma betur til móts við þarfir skjólstæðinga og til að draga úr því að fátækt foreldra skapi neikvæða upplifun barna af æsku í fjárþröng (Hættir að dreifa matarpökkum, 2011). Nú fá barnafjölskyldur um land allt sem þurfa á aðstoð að halda inneignarkort sem notað er til að versla inn og velja þær sjálfar matvæli í innkaupakörfur sínar. Þeir aðilar sem sækja eftir mataraðstoð en eru ekki með börn á framfæri verður vísað á mataraðstoð hjá öðrum hjálparstofnunum. Allir geta samt sem áður leitað sér faglegrar ráðgjafar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Ráðgjöf verður ennþá lyklatríði í aðstoð stofnunarinnar sem veitt er af félagsráðgjöfum stofnunarinnar en fjármála- og fjölskylduráðgjöf bætist nú einnig við þjónustuna. Með aðstoð félagsráðgjafa og fjármálaráðgjöf óháðs aðila er vonast til þess að einhverjir komist aftur á sporið með fjármál sín (Hjálparstarf kirkjunnar, 2011). Í greinum fréttamiðlanna þriggja kom fram að margir aldraðir búa við kröpp kjör og standa nú mun verr en fyrir kreppuna. En þeir hafa hvorki

þrek né líkamsburði til að standa í biðröðum tímunum saman til að verða sér úti um mat. Því telur rannsakandi að það þyrfti einnig að vera kostur hjá Hjálparstarfi kirkjunnar að veita ekki aðeins barnafjölskyldur rafræn kort heldur einnig hinum öldruðu. Rafrænu kortin eru þó mun dýrari leið og vert væri að rannsaka nánar hvernig það fyrirkomulag á eftir að ganga í komandi framtíð. Það verður áhugavert að sjá hvort nýir hópar leiti sér aðstoðar eftir að þetta nýja fyrirkomulag var sett á laggirnar. Líklega voru margir sem bjuggu við kröpp kjör en leituðu sér ekki aðstoðar vegna þess að þeir treystu sér ekki til þess að standa í biðröð innan um ókunnugt fólk og oft virðist vera ákveðin skömm að þurfa að leita sér aðstoðar. Rannsakandi telur það vera mikilvægt að grípa til aðgerða strax og skjólstæðingur leitar aðstoðar hjá hjálparstofnunum og ekki sé aðeins veitt honum matarpoka heldur verði einstaklingnum einnig veitt ráðgjöf. Þannig sé hægt að veita heildstæðari aðstoð. Matarpoki einn og sér er ekki nóg. Það þarf að komast að rót vandans og reyna að aðstoða einstaklinga að koma lífi sínu í réttan farveg.

Lausnina er þó ekki að finna hjá hjálparstofnunum heldur er það hið opinbera sem þarf að finna lausn á þessum mikla skorti sem ríkir í samfélaginu og koma með ný úrræði og aðgerðir. Laun og bætur þurfa að hækka í takt við verðlag í samfélaginu sem fer sífelld hækking.

Mikilvægt er að hvetja til aukinna rannsókna á mataraðstoð hjálparstofnanna. Það er margt sem er verðugt að skoða í tengslum við matarúthlutanir og því verður spennandi að fylgjast með þróun næstu ára. Ein helsta forvörnin fyrir samfélagslegum vandamálum er þekking.

---

Sigríður Tinna Árnadóttir

## Heimildir

- Allar viljum við líta þokkalega út. (2010, 14. desember). *Fréttablaðið*. Sótt 11. mars 2011 af <http://www.visir.is/article/201082174831>
- Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2010, nóvember). *Matarúthlutanir hjálparstofnana*. Sótt 1. febrúar 2011 af [http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Mataruthlutani rHjalparstofnana2010\\_Skyrsla\\_04012011.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Mataruthlutani rHjalparstofnana2010_Skyrsla_04012011.pdf)
- Anna Lilja Þórisdóttir. (2010, 5. nóvember). Deila á matargjafir en vísa fólki á þær. *Morgunblaðið*. Sótt 6. mars 2011 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1355276&searchid=5baf3-70be-39dc4](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1355276&searchid=5baf3-70be-39dc4)
- Anna Lilja Þórisdóttir. (2010, 6. nóvember). Matur í poka eða fjárstyrkur? *Morgunblaðið*. Sótt 7. mars 2011 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1355425&searchid=e26e9-3562-39ef2](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1355425&searchid=e26e9-3562-39ef2)
- Anný Ingimarsdóttir og Guðný Björk Eydal. (2000). *Fátækt og fjárhagsaðstoð* úr skýrslu til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.
- Bergþóra Njála Guðmundsdóttir. (2008, 4. desember). Það vilja allir hjálpa og gefa. *Morgunblaðið*. Sótt 5. mars 2011 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1258447&searchid=0f477-64ef-3623e](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1258447&searchid=0f477-64ef-3623e)
- Biber, N.S. og Leavy, P. (2011). *The practice of qualitative research* (2. útgáfa). United States Of America: SAGE publications, Ink.
- Borgonovi, F. (2008). Doing well by doing good. The relationship between formal volunteering and self-reported health and happiness. *Social Science & Medicine*. 66, 2321-2334.
- Esterberg. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Eva Þengilsdóttir. (2008). Þriðji geirinn og stjórnvöld. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir (Ritstjórar), *Stjórnun og rekstur félagasamtaka* (bls. 65-78). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Farley, O.W., Smith, L. L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to social work* (10. útgáfa). Boston: Pearson/Allyn and Bacon.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009, desember). *Greinargerð um grunnþjónustu og aðferðir við hagræðingu í efnahagsþrengingum*. Sótt 20. apríl 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/utgafa2010/GreinargerdUmGrunthonustuVelferdarvakt100109.pdf>
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (2008). *Félagsráðgjafatalið*. Reykjavík: Félagsgjafafélag Íslands. (bls. 13-48).



- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.-a). *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 4. apríl 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.b). *Tilnefningar 2011*. Sótt 3. apríl 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=241&Itemid=169>
- Fjölskylduhjálpi hætti að mismuna fólki. (2010, 25. mars). *Fréttablaðið*. Sótt 7. mars 2011 af <http://www.visir.is/article/2010690531711>
- Fjölskylduhjálpi Íslands. (e.d.). *Um Fjölskylduhjálpi Íslands*. Sótt 6. apríl 2011 af <http://www.fjolskylduhjalpin.net/umfjolskylduhjalslands.php>
- Guðmundur Andri Thorsson. (2010, 20. desember). Okkar skömm. *Fréttablaðið*. Sótt 11. mars 2011 af <http://www.visir.is/okkar-skomm/article/2010102195125>
- Guðný Björk Eydal. (2004). Velferðarríkið og hin íslenska leið: framlag íslenskar félagsfræði til velferðarrannsókna. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar). *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 226-246). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Harpa Njáls. (2003). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar: Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Borgarfræðasetur: Háskólaútgáfan.
- Hjálparstarf kirkjunnar. (2009-2010). *Líðan, ástand og viðbrögð við kreppunni*. Óútgefin gögn.
- Hjálparstarf kirkjunnar. (2011). *Ný nálgun við mataraðstoð*. Sótt 28. apríl 2011 af <http://help.is/cgi-bin/WebObjects/Help.woa/wa/dp?name=frettir&detail=207>
- Hjálparstarf kirkjunnar. (e.d.-a). *Aðstoð innanlands*. Sótt 6. apríl 2011 af <http://help.is/id/2>
- Hjálparstarf kirkjunnar. (e.d.-b). *Sjálfboðaliðar eru velkomnir*. Sótt 29. apríl 2011 af <http://help.is/id/89>
- Hjálparstarf kirkjunnar. (2007). *Starfsskýrsla 2006-2007*. Reykjavík: Hjálparstarf kirkjunnar.
- Hjálparstarf kirkjunnar. (2008). *Starfsskýrsla 2007-2008*. Reykjavík: Hjálparstarf kirkjunnar.
- Hjálparstarf kirkjunnar. (2009). *Starfsskýrsla 2008-2009*. Reykjavík: Hjálparstarf kirkjunnar.
- Hjálparstarf kirkjunnar. (2010). *Starfsskýrsla 2009-2010*. Reykjavík: Hjálparstarf kirkjunnar.
- Hættir að dreifa matarpökkun. (2011, 15. apríl). *Morgunblaðið*. Sótt þann 20. apríl 2011 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/04/15/inneignarkort\\_i\\_stad\\_matarpakka/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/04/15/inneignarkort_i_stad_matarpakka/)

- Iceland, J. (2006). *Poverty in America, A Handbook* (2. útgáfa). Los Angeles: University of California press.
- Ingibjörg Broddadóttir, Guðný Eydal, Steinunn Hrafnadóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). The Development of local authority social services in Iceland. Í J. Sipilá (Ritstjóri), *Social care services: The key to the Scandinavian welfare model* (bls 57-77). Aldershot: Avebury.
- Ingimar Karl Helgason. (2010, 18. mars). Grætur sig í svefn á hverri nóttu. *Fréttablaðið*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.visir.is/article/20100318/FRETTIR01/294286186>
- Jóhanna Sigurðardóttir. (2006, 24. desember). Jól í skugga fátæktar. *Morgunblaðið*. Sótt 6. mars 2011 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1121230&searchid=00c28-6ac1-b242b](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1121230&searchid=00c28-6ac1-b242b)
- Jón Ormur Halldórsson. (1992). *Þróun og þróunaraðstoð*. Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.
- Lightman, E. S., Mitchell, A., Herd, D. (2008). Globalization, Precarious Work, and the Food bank. *Journal of Sociology & Social Welfare*. XXXV, 9-28.
- Lög um félagsþjónustu sveitafélaga nr. 40/1991.*
- Margrét Einarsdóttir og Pétur Waldorff. (2007). Birtingamyndir fátæktar. Í Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir (ritstjórar), *Afríka sunnan Sahara í brennidepli* (bls. 247-258). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Afríka 20:20.
- Matargjafir einsdæmi á Norðurlöndum. (2010, 24. september). *Morgunblaðið*. Sótt 10. mars 2011 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1350003&searchid=a07cb-7a99-76636](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1350003&searchid=a07cb-7a99-76636)
- Maturinn kláraðist á undan biðröðinni. (2008, 11. desember). *DV*. Sótt 5. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2008/12/11/maturinn-klaradist-undan-bidrodinni/>
- McPherson, K. (2006). *Food Insecurity and the Food Bank Industry: Political Individual and Environmental Factors Contributing to Food Bank Use in Christchurch*. Sótt 17. febrúar 2011 af <http://www.geohealth.canterbury.ac.nz/news/Food%20bank%20literature%20review.pdf>
- Megum ekki fara þessa leið. (2010, 25. mars). *Fréttablaðið*. Sótt 7. mars 2011 af [http://epaper.visir.is/media/201003250000/pdf\\_online/1\\_2.pdf](http://epaper.visir.is/media/201003250000/pdf_online/1_2.pdf)
- Michalski, H. J. (2003). The economic status and coping strategies of food bank users in the greater Toronto area. *Canadian Journal of Urban Research*, 12, 275-298.
- Mismunar ekki eftir þjóðerni heldur þjóðfélagsaðstæðum. (2010, 25. mars). *Fréttablaðið*. Sótt 5. mars 2011 af <http://www.visir.is/mismunar-ekki-efthjoderni-heldur-thjodfelagsadstaedum/article/2010192454461>

- Morgunblaðið. (e.d.-a). Hvað er efnisleit. Sótt 15. mars 2011 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/popup/hvad\\_er\\_efnisleit.html](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/popup/hvad_er_efnisleit.html)
- Morgunblaðið. (e.d.-b). Hvað er orðaleit. Sótt 15. mars 2011 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/popup/hvad\\_er\\_ordaleit.html](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/popup/hvad_er_ordaleit.html)
- Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. (e.d.). *Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur 1928-2010*. Sótt 6. apríl 2011 af <http://maedur.is/>
- Nanna K. Sigurðardóttir. (1991). Félagsráðgjafastarfið. Í Bjarney Kristjánsdóttir, Helga Þórólfsdóttir og Lára Björnsdóttir (ritstjórar). *Félagsráðgjöf á Íslandi 1964-1989* (bls. 8-18). Reykjavík: Stéttafélag íslenskra félagsráðgjafa.
- OECD. (2008). *Growing unequal? Income distribution and poverty in OECD countries*. OECD publishing.
- Ragnheiður Sverrisdóttir. (2010, 16. október). Fátækt er valdaleysi. *Fréttablaðið*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.visir.is/article/2010998046859>
- Rauði kross Íslands. (2010). *Hvar þrengir að?* Sótt 1. febrúar 2011 af [http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1041141/hvar\\_threngir\\_ad\\_skyrsla.pdf?wosid=false](http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1041141/hvar_threngir_ad_skyrsla.pdf?wosid=false)
- Riches, G. (2002). Food banks and food security: Welfare reform, human rights and social policy. Lessons from Canada? *Social policy & Administration*, 36, 648-663.
- Riches, G. (2005). Food banks. Í Turner, F. J. (ritstjóri), *Encyclopedia of Canadian social work* (bls. 148-150). Canada: Wilfrid Laurier University Press.
- Salamon, L. (2001, January). *The Third sector and volunteering in global perspective. Presentation at the 17th annual international association of volunteer effort conference*. Amsterdam, The Netherlands.
- Sigríður Björg Tómasdóttir. (2008, 18. október). Rýnum í hvern einasta eyri. *Fréttablaðið*. Sótt 10. mars 2011 af [http://epaper.visir.is/media/200810180000/pdf\\_online/1\\_26.pdf](http://epaper.visir.is/media/200810180000/pdf_online/1_26.pdf)
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). *Hvers vegna sjálfboðaliðastörf? : Um sjálfboðaliðastarf, félagsmálastefnu og félagsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf: nán tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu - Eitt sérfræðisviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (Ritstj.), *Heilbrigði og Heildarsýn* (bls. 33-48). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2011, 8. janúar). *Fátækt og velferð*. Sótt 28. apríl 2011 af <http://www.visir.is/fataekt-og-velferd/article/2011372946886>
- Sigurður Mikael Jónsson. (2010, 12. október). Heilsuráðgjafi til liðs við Fjölskylduhjálp. *DV*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/10/12/heilsuradgjafi-til-lids-vid-fjolskylduhjalp/>

- Sigurður Mikael Jónsson. (2010, 30. október). Barin í röð eftir mataúthlutun. *DV*. Sótt 10. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/10/30/barin-i-bidrod-eftir-mataruthlutun/>
- Sorgleg ákvörðun Fjölskylduhjálpar. (2010, 25. mars). *DV*. Sótt 10. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/3/25/sorgleg-akvordun-fjolskylduhjalpar/>
- Sólrún Lilja Ragnarsdóttir. (2010, 16. desember). Neyðin auglýst til að fá meiri stuðning. *DV*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/12/16/neydin-auglyst-til-ad-fa-meiri-studning/>
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson. (2006). Aukinn ójöfnuður á Íslandi. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2, 129-156.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2006). Sjálfböðastörf á Íslandi. Þróun og rannsóknir. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 1, 43-54.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2008). Frjáls félagasamtök og sjálfböðaliðastörf á Íslandi. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir (Ritstjórar), *Stjórnun og rekstur félagasamtaka* (bls. 21-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stemler, S. (2001). An overview of content analysis. *Practical Assessment, Research & Evaluation*, 7(17).
- Una Sighvatsdóttir. (2010, 7. október). Margir fá hjálp í fyrsta skipti. *Morgunblaðið*. Sótt 7. mars 2011 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1351606&searchid=ccfc6-032c-362ae](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1351606&searchid=ccfc6-032c-362ae)
- Velferðarráðuneytið. (2009, mars). *Vinnuhópur vegna viðfangsefnis: „Fólk án atvinnu“*. Sótt 20. apríl 2011 af <http://www.velferðarraduneyti.is/media/velferðarvakt09/AtvinnulausFyrstaskýrsla.pdf>
- Við getum ekkert gefið nema bros. (2008, 30. október). *DV*. Sótt 10. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2008/10/30/vid-getum-ekkert-gefid-nema-bros/>
- Vill frekar deyja en lifa í þessu víti. (2008, 21. ágúst). *DV*. Sótt 10. mars 2011 af <http://www.dv.is/brennidepill/2008/8/21/vill-frekar-deyja-en-lifa-i-thessu-viti/>
- Vinumála stofnun. (2011, janúar). *Staða á vinnumarkaði*. Sótt 2. febrúar 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/files/jan.11.pdf>
- World Health Organization. (e.d.). *Poverty*. Sótt 30. janúar 2011 af <http://www.who.int/topics/poverty/en/>
- Þingskjal 1337. (1996-1997). Skýrsla forsætisráðherra um þróun og umfang fátæktar á Íslandi, samkvæmt beiðni. *Alþingistíðindi A-deild*, Sótt 15. mars 2011 af <http://www.althingi.is/altext/121/s/1337.html>

Þingskjal 613. (2006-2007). Skýrsla forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra, samkvæmt beiðni. *Alþingistíðindi A-deild*, Sótt 17. mars 2011 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla-613.pdf>

## Viðauki

Eyðublöð notuð til að flokka þær greinar sem fundust í gagnasafni Morgunblaðsins, Fréttablaðsins og DV.

Heiti greinar										
Dagsetning										
Morgunblaðið										
Fréttablaðið										
DV										
Viðtal										
Frétt										
Grein										
Starfsm. Hjálparst.										
Skjólstæðingar										
Styrktaraðilar										
Blaðamaður										
Aðrir										
Hjálparstarf kirkjunnar										
Mæðrastyrksnefnd										
Fjölskylduhjálp										